

*Kynferðisbrot
gegn
börnum og ungmennum*

Svala Ólafsdóttir
lögfræðingur

INNGANGUR

Skýrsla þessi er tekin saman að frumkvæði umboðsmanns barna. Meginmarkmið hennar er að bera saman ákvæði íslenskra hegningarlaga sem varða kynferðisbrot gegn börnum, meðferð slíkra mála og framkvæmd þeirra við réttarstöðuna í þessum málaflokki í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Undanfarna mánuði hefur mikið borið á umræðu um ofbeldi í þjóðfélaginu. Hún hefur ekki síst beinst að kynferðisbrotum gegn börnum og ungmennum. Í svari félagsmálaráðherra hinn 3. febrúar síðastliðinn, við fyrirspurn á Alþingi um kynferðislega misnotkun barna (sbr. 121. löggjafarþing, 215. mál), kemur fram að tugir mála af þessu tagi berast barnaverndarnefndum á ári hverju. Í umræðum um þessi mál hafa komið fram ýmis sjónarmið og margt verið gagnrýnt. Gagnrýnin hefur beinst að meðferð þessara mála hjá lögreglu og fyrir dómi, einkum að því er varðar stöðu fórnarlambanna og rétt þeirra til aðstoðar og stuðnings meðan á málsmeðferðinni stendur. Þá hefur verið nefnt að efla þurfi meðferðarúrræði fyrir börn sem hafa þurft að þola kynferðislega misnotkun, en rannsóknir hafa leitt í ljós að afleiðingar þessara brota á sálarlíf og geðheilsu barna eru alvarlegar og langvarandi. Ennfremur hefur komið fram að tryggja þurfi betur rétt þessa hóps þolenda til bótagreiðslna.

Í I. hluta skýrslunnar eru borin saman ákvæði íslenskra hegningarlaga sem ætlað er að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun við ákvæði danskra, norskra og sænskra hegningarlaga. Markmiðið er að kanna hversu viðtæk verndin er og refsiviðurlög.

Í II. hluta er gerð grein fyrir dómaframkvæmd í þessum málaflokki á Íslandi síðastliðin þrjú ár.

Í III. hluta eru raktar þær sérreglur sem gilda um meðferð mála af þessu tagi í nágrannalöndunum og þær bornar saman við réttarstöðu brotþola hér á landi.

Í IV. hluta er vikið að meðferðarúrræðum fyrir börn sem hafa verið þolendur kynferðisbrota.

Loks er í V. hluta fjallað um bótagreiðslur ríkisins til barna sem þolenda kynferðisbrota.

Aftan við skýrsluna er að finna skrá yfir heimildarrit og dóma.

Reykjavík, 22. apríl 1997

Svala Ólafsdóttir

EFNISYFIRLIT

I. hluti: Ákvæði í hegningarlögum

- 1.0 Ísland
 - 1.1 Inngangur
 - 1.2 Ákvæði hegningarlaga sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum
 - a) Almenn ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum
 - b) Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann
 - c) Kynferðisbrot gegn niðjum
 - d) Barnaklám, vændi o.fl.
- 2.0 Danmörk
 - 2.1 Inngangur
 - 2.2 Ákvæði hegningarlaga sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum
 - a) Almenn ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum
 - b) Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann
 - c) Kynferðisbrot gegn niðjum
 - d) Barnaklám, vændi o.fl.
- 3.0 Noregur
 - 3.1 Inngangur
 - 3.2 Ákvæði hegningarlaga sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum
 - a) Almenn ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum
 - b) Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann
 - c) Kynferðisbrot gegn niðjum
 - d) Kynferðisleg áreitni
 - e) Barnaklám
- 4.0 Svíþjóð
 - 4.1 Inngangur
 - 4.2 Ákvæði hegningarlaga sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum
 - a) Almenn ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum
 - b) Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann
 - c) Kynferðisbrot gegn niðjum
 - d) Kynferðisleg áreitni
 - e) Barnaklám, vændi o.fl.
- 5.0 Niðurstöður

II. hluti: Dómaframkvæmd á Íslandi

- 1.0 Inngangur

- 2.0 Dómareifanir
 - 2.1 Nauðgun, sbr. 194. gr. alm. hgl.
 - 2.2 Önnur ólögsmæt nauðung, sbr. 195. gr. alm. hgl.
 - 2.3 Sifjaspell, sbr. 200. gr. alm. hgl.
 - 2.4 Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann, sbr. 201. gr. alm. hgl.
 - 2.5 Kynferðisbrot gegn börnum yngri en 14 ára, sbr. 1. mgr. 202. gr. alm. hgl.
 - 2.6 Brot gegn ungmennum á aldrinum 14 - 16 ára, sbr. 2. mgr. 202. gr. alm. hgl.
 - 2.7 Brot gegn blygðunarsemi, sbr. 209. gr. alm. hgl.
- 3.0 Niðurstöður

III. hluti: Ákvæði í réttarfarslögum

- 1.0 Ísland
 - 1.1 Inngangur
 - 1.2 Lög um meðferð opinberra mála
 - A. Yfirheyrslur hjá lögreglu
 - B. Yfirheyrslur fyrir dómi
 - 1.3 Lög um vernd barna og ungmenna
- 2.0 Noregur
 - 2.1 Inngangur
 - 2.2 Ákvæði norskra laga um réttarstöðu barna, sem hafa verið þolendur kynferðisbrota.
 - 2.3 Um framkvæmd skýrslutöku
- 3.0 Danmörk
- 4.0 Svíþjóð
- 5.0 Niðurstöður
 - 5.1 Yfirheyrsla barna fyrir lögreglu og dómi
 - 5.2 Talsmaður brotaþola
 - 5.3 Málshraði
 - 5.4 Undirbúningur lagabreytinga

IV. hluti: Meðferðarúrræði fyrir börn sem þolendur kynferðisbrota

V. hluti: Bætur til þolenda kynferðisbrota

- 1.0 Inngangur
- 2.0 Bótakröfur í málum er varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum yngri en 18 ára
- 3.0 Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota
- 4.0 Niðurstöður

Ritaskrá

Dómaskrá

I. hluti *Ákvæði í hegningarlögum*

1.0 Ísland

1.1 Inngangur

Um *kynferðisbrot* er fjallað í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992. Fyrir breytinguna sem gerð var á hegningarlögum árið 1992 hafði þessi brotaflokkur verið nefndur *skírlífisbrot*. Frá þeim tíma er hegningarlögin voru sett og fram til dagsins í dag hefur XXII. kafla laganna aðeins tvisvar sinnum verið breytt, annars vegar með *lögum nr. 40 frá 26. maí 1992* og hins vegar með *lögum nr. 126 frá 13. des. 1996*.

Aðdragandi **laga nr. 40/1992** var sá að dómsmálaráðherra hafði skipað nefnd árið 1984 til að kanna hvernig háttað væri rannsókn og meðferð nauðgunarmála og átti nefndin að gera tillögur til úrbóta í þeim efnum. Nefndin lauk störfum síðla árs 1988 og skilaði frumvarpi sem laut að breytingum á XXII. kafla alm. hgl. Með hliðsjón af þeirri stefnubreytingu sem fram kom í frumvarpi nefndarinnar og því að á Alþingi vorið 1988 var frumvarpi um breytingu á 202. og 203. gr. hgl. vísað til ríkisstjórnarinnar, ákvað dómsmálaráðherra að leggja frumvarp nauðgunarmálanefndar ekki fram fyrr en endurskoðun á öðrum greinum í XXII. kafla hgl. væri lokið. Að henni lokinni var síðan lagt fram frumvarp til breytinga á XXII. kafla og á 190. gr. XXI. kafla, sem síðar varð samþykkt sem lög árið 1992.

Með lögum nr. 40/1992 voru gerðar þýðingarmiklar breytingar á 194. - 199. gr., sbr. 202. gr. hgl. annars vegar og á 190. gr. um sífjaspell og 200. - 209. gr. hgl. hins vegar. Breytingarnar fela í sér mikilvægar réttarbætur á þessu sviði og eru til þess fallnar að auka verulega réttarvernd þeirra einstaklinga sem verða fyrir brotum af þessu tagi.

Aðalmarkmið breytinganna sem gerðar voru á XXII. kafla hgl. með lögum nr. 40/1992 eru eftirfarandi:

a) *Ákvæði um kynferðisbrot urðu ókynbundin*. Ákvæðin höfðu verið kynbundin, þ.e. einungis konur nutu refsiverndar samkvæmt þeim og karlar einir gátu verið gerendur. Rétt þótti að breyta þessu í samræmi við réttarþróun í öðrum löndum. Ákvæðin eiga því nú jafnt við um athafnir karla og kvenna og taka til kynferðismaka og annarra kynferðisathafna samkynja persóna, eftir því sem við á.¹

b) *Ákvæði um kynferðisbrot voru samræmd ríkjandi viðhorfum* og hliðsjón var höfð af þeim breytingum sem höfðu átt sér stað annars staðar á Norðurlöndunum.

c) *Gleggri skil voru sett á milli verknaðarlýsinga*, sérstaklega varðandi mörkin milli nauðgunar og annarrar kynferðislegrar nauðungar.

¹ Alþingistiðindi A 1991 - 1992, bls. 787 - 788.

d) *Refsivernd var almennt aukin með því að leggja ýmsar kynferðisathafnir að jöfnu við samræði.*

e) *Refsivernd barna og ungmenna var aukin sérstaklega.*

Með **lögum nr. 126/1996** var nýrri málsgrein bætt við 210. gr. alm. hgl., þar sem refsing er lögð við því að hafa í vörslu sinni efni með hvers kyns barnaklámi. Markmið laganna er að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun. Talið er að bann við því að hafa slíkt efni í vörslu sinni geti dregið úr eða jafnvel fyrirbyggt kynferðislega misnotkun barna í tengslum við gerð þess. Þá segir m.a. í greinargerð með lögnum að þegar efni með barnaklámi sé framleitt, séu jafnframt framin alvarleg refsiverð brot gegn börnunum. Með því að banna vörslu á efni með barnaklámi sé mótuð skýr afstaða gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, jafnframt því sem það geti stuðlað að því að bæta réttarstöðu þeirra.²

1.2 Ákvæði hegningarlaga sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum

Með lögum nr. 40/1992 var ákvæði um sífjaspell tekið úr XXI. kafla hegningarlaganna (sifskaparbrot) og sett í XXII. kafla þeirra (kynferðisbrot). Eðlilegra þótti að skipa lagaákvæðum sem varða kynlíf fólks í sama kafla, enda tengjast þau oft innbyrðis.

Aðeins tvær greinar XXII. kafla varða börn *sérstaklega*, þ.e. **201. og 202. gr.** Ákvæði þeirra áskilja ekki sérstakar vítaverðar aðferðir við framningu brots, heldur geta t.d. ákveðið aldursmark og ákveðin fjölskyldutengsl nægt til refsíabyrgðar. Í slíkum tilvikum má þó yfirleitt slá því föstu, að um einhvers konar misneytingu sé að ræða eða að svo ungur aldur bjóði heim hættu á misneytingu og því verði að leggja skilyrðislaust bann við samræði eða öðrum kynferðismökum án tillits til þroska eða viljaafstöðu barns og ungmennis.³ Önnur ákvæði XXII. kafla geta að sjálfsgöðu einnig átt við um börn og ungmenni ef því er að skipta, s.s. getur barn verið beitt nauðung og því notið refsiverndar 194. eða 195. gr. Væri brotþoli í slíkum tilfellum yngri en 14 ára, bæri einnig að beita 1. mgr. 202. gr. samhliða. Þá eru sérstakar refsihækkunarheimildir í 1. og 2. mgr. 200. gr., þegar þannig háttar til að kynferðisbrot er framið gagnvart barni sem er yngra en 16 ára.

² Alþingistíðindi A 1996 - 1997, bls. 561.

³ Jónatan Þórmundsson: Um kynferðisbrot. Skýrsla nauðgunarmálanefndar, Rvík 1989.

Þrátt fyrir að 200. gr. hgl. taki ekki eingöngu til kynferðisbrota gegn börnum og ungmennum, þykir rétt að fjalla um hana hér á eftir ásamt 201. og 202. gr., þar sem algengt er að börn og ungmenni séu fórnarlömb slíkra brota.

Í 200. - 202. gr. alm. hgl., sbr. 8. - 10. gr. laga nr. 40/1992, er ekki sérstaklega kveðið á um lágmark refsingar eins og t.d. er gert í 194. gr. Því gilda um það ákvæði 34. gr. alm. hgl., þar sem tiltekið er almennt lágmark fangelsisrefsingar, sem er 30 dagar. Þess má geta að á síðari árum hefur þeirri stefnu verið fylgt á Norðurlöndunum að afnema sem flest sérákvæði í lögum um refsilágmark og láta almennt refsilágmark viðkomandi refsitengundar duga.⁴

a) **Almennt ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum**

Ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum sem mest reynir á í framkvæmd er í **202. gr.** alm. hgl., sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992. Hljóðar það svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 12 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir ungmenni á aldrinum 14 - 16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Í 1. mgr. er að finna *almennt ákvæði* sem lýsir samræði, eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, refsivert. Ákvæðið svarar til 1. mgr. 200. gr. hgl. eins og hún var áður en lög nr. 40/1992 tóku gildi. Eins og annars staðar í XXII. kafla eru nú „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 40/1992 var með þeirri breytingu stefnt að því að auka refsivernd barna almennt. Þar kemur fram að skýra beri hugtakið „önnur kynferðismök“ fremur þröngt. Með því sé átt við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju, er komi í stað eiginlegs samræðis eða sé ígildi þess (surrogat). Um sé að ræða athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.⁵ Eins og áður skiptir það engu máli um refsináemi verknaðar hvort kynferðisathafnirnar eiga sér stað með eða gegn vilja barnsins (hafi barn verið beitt ofbeldi, nauðung eða hótunum yrði 194. eða 195. gr. beitt samhliða). Barnið getur jafnvel hafa átt frumkvæði að verknaðinum og breytir það engu um refsináemi hans. Tilgangurinn er að vernda börn og ungmenni fyrir því að lifa kynlífi

⁴ Jónatan Þórmundsson: Viðurlög við afbrotum. Rvík 1992, bls. 245.

⁵ Alþingistiðindi A 1991 - 1992, bls. 788.

áður en þau hafa andlegan eða líkamlegan þroska til þess. Þá vegur hættan á þungun ungra stúlkna einnig þungt á metunum. Þá þykir það líklegt að börn og ungmenni sæti misnotkun að þessu leyti af hálfu hinna eldri sem skáka í skjóli aldurs og reynslu.⁶

Við endurskoðun 1. ml. 1. mgr. 202. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, hélst refsihámarkið óbreytt, þ.e. 12 ár.

Í 2. ml. 1. mgr. 202. gr. er nýmæli. Þar er lögð refsing við því að sýna barni yngra en 14 ára „aðra kynferðislega áreitni“. Samkvæmt greinargerð telst „kynferðisleg áreitni“ ekki slík misnotkun á líkama að hún komi í stað eiginlegs samræðis eða ígildis þess, þ.e. „annarra kynferðismaka“. Er með þessu orðalagi átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga sem hingað til hefur verið heimfært undir 209. gr. alm. hgl. Þótti rétt að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður með þessu sérákvæði og taka harðar á slíkum brotum.⁷ Hámark refsingar er 4 ára fangelsi.

Ákvæði 2. mgr. 202. gr. er heldur fyllra en það var fyrir breytinguna með því að taldar eru upp dæmigerðar aðferðir við tælingu. Þá tekur ákvæðið ekki lengur einungis til þess er „stúlkubörn“ eru tæld, heldur er það nú ókynbundið eins og önnur ákvæði XXII. kafla. Hámark refsingar hélst óbreytt við endurskoðun ákvæðisins.

Skilyrði sakfellingar fyrir brot gegn XXII. kafla alm. hgl. er ásetningur, nema annað sé sérstaklega tekið fram, sbr. 18. gr. sömu laga. Í 204. gr. alm. hgl., sbr. 11. gr. laga nr. 40/1992, er heimilað að refsa fyrir brot á ákvæðum 201. og 202. gr., hafi þau verið framin í gáleysi um aldur ungmennis sem fyrir broti varð. Þannig leiðir gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð til þess að beita ber vægari refsingu að tiltölu, sem þó má ekki fara niður úr lágsta stigi refsivistar. Greinin hljóðar svo:

Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður úr lágsta stigi refsivistar.

Þá er í 205. gr. hgl., sbr. 12. gr. laga nr. 40/1992, kveðið á um heimild til að fella niður refsingu í því tilviki m.a. þegar aðili hefur gerst sekur um brot á ákvæðum 202. gr. og aðilar hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð, eða ef þeir halda áfram hjúskap eða sambúð eftir að brot hefur verið framið. Hljóðar greinin svo:

⁶ Sama heimild, bls. 790.

⁷ Sama heimild, bls. 788.

Refsing skv. 194. - 199., 202. og 204. gr. má falla niður ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð eða, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð.

Eina efnislega breytingin sem gerð var á 205. gr. með lögum nr. 40/1992, var að óvígð sambúð var lögð að jöfnu við hjúskap.

b) Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann

Í **201. gr.**, sbr. 9. gr. laga nr. 40/1992, er fjallað um kynferðisbrot gagnvart börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í tilteknum tengslum við brotamann. Hljóðar ákvæðið svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni, yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fösturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 2 árum og allt að 4 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Ákvæðið svarar að nokkru til 201. gr. eins og hún hljóðaði áður en lög nr. 40/1992 gengu í gildi. Eins og 201. gr. var fyrir breytinguna var lagt bann við samræði manns „...við *stúlku*, yngri en 18 ára, sem er *kjördóttir* hans eða *fósturdóttir*, eða honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis...“ Samkvæmt lögum nr. 40/1992 er ákvæðið nú *ókynbundið* eins og öll önnur ákvæði XXII. kafla. Þá eru í samræmi við önnur ákvæði kaflans „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði.

Í upptalningu barna var bætt við stjúpbarni og sambúðarbarni frá því sem áður var. Samkvæmt greinargerð er með þessu ákvæði lögð áhersla á að vernda heimilið og fjölskyldulíf fyrir háttsemi sem er til þess fallin að raska fjölskylduböndum og særa trúnað og traust barna á sameiginlegu heimili. Með „fösturbarni“ er átt við hvert það barn sem beint eða óbeint er tengt ákveðnu heimili á þann veg að það lítur á það sem sitt (annað) heimili.⁸

Hámark refsingar fyrir brot á 1. mgr. 201. gr. var hækkað með lögum nr. 40/1992 úr 4 ára í 6 ára fangelsi. Þá var kveðið á um sérstaka refsihækkunarheimild í

⁸ Sama heimild, bls. 790.

þeim tilvikum er brot beindust að börnum yngri en 16 ára. Getur refsing þá orðið allt að 10 árum.

Samskonar nýmæli og er að finna í 2. ml. 1. mgr. 202. gr. var sett í 201. gr. (2. mgr.) um „kynferðislega áreitni“. Refsing fyrir slíkt brot er mun vægari en fyrir brot sem varðar við 1. mgr. 201. gr., eða fangelsi allt að 2 árum, en sé barn yngra en 16 ára má dæma í fangelsisrefsingu allt að 4 árum. Tekið er fram í greinargerð að með þessu ákvæði hafi engan veginn verið ætlunin „að takmarka eðlilega umhirðu og gælur foreldra og annarra ættingja við börn sín og barnabörn.“⁹

Hafi brot samkvæmt 201. gr. verið framið í gáleysi um aldur brotþola, skal beita vægari refsingu að tiltölu, sbr. 204. gr. hgl. Sjá nánari umfjöllun um þá grein hér að framan. Aftur á móti tekur ákvæði 205. gr. um brottfall refsingar ekki til þess er brotið hefur verið gegn ákvæðum 201. gr.

Í þessu sambandi er rétt að benda á misneytingarákvæði **198. gr.** hgl., sbr. 6. gr. laga nr. 40/1992, en þar er sérstök refsihækkunarheimild ef brotþoli er yngri en 18 ára. Að öðru leyti er ákvæðið ekki bundið við brot gegn börnum og ungmennum.

c) **Kynferðisbrot gegn niðjum**

Í **200. gr.**, sbr. 8. gr. laga nr. 40/1992, eru ákvæði um sífjaspell og aðra kynferðislega áreitni gagnvart niðjum. Ákvæðið hljóðar svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að 2 ára fangelsi og allt að 4 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknaður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður er þau varðar.

Eins og áður er fram komið var talið eðlilegt að skipa ákvæðum um sífjaspell í kaflann um kynferðisbrot, þar sem þessi brot tengjast oft brotum á öðrum ákvæðum kaflans, sbr. einkum 202. gr., í stað þess að hafa þau áfram í kaflanum um sífskaparbrot. Í dönsku hegningarlögunum er ákvæði um sífjaspell í kafla sem ber

⁹ Sama heimild, bls. 788.

heitið „forbryðelser i familieforhold“, en ákvæði um kynferðisbrot almennt eru í öðrum kafla sem heitir „forbryðelser mod kønssædeligheden“. Í norsku hegningarlögunum er sifskaparbrotum skipað með öðrum kynferðisbrotum í kafla sem ber heitið „forbryðelser mod sædeligheten“. Sami háttur er hafður á í sænsku hegningarlögunum og ber kaflinn heitið „om sexualbrott“.

Með 8. gr. laga nr. 40/1992 var hámark refsingar fyrir brot á 1. mgr. 200. gr. (áður 190. gr.) hækkað úr 4 ára í 6 ára fangelsi. Þá var refsihækkunarheimildinni jafnframt breytt. Í fyrsta lagi með því að lækka aldursmörk brotaþola úr 18 í 16 ár og í öðru lagi með því að hækka refsihámarkið úr 6 ára í 10 ára fangelsi. Þá eru „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði, en samkvæmt 1. mgr. 190. gr. þurfti „holdlegt samræði“ að eiga sér stað milli foreldra og annarra ættingja í beinan legg til þess að brot teldist fullframið. Í samræmi við norræna löggjöf var með lögum nr. 40/1992 felld niður refsíabyrgð barna og annarra niðja, sem hlut eiga að samræði eða öðrum kynferðismökum milli ættingja í beinan ættlegg, en samkvæmt 1. mgr. 190. gr. mátti refsa þeim sem náð höfðu 18 ára aldri með varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum fyrir slíkan verknað. Eðlilegt þótti að fella niður refsíabyrgð þessara aðila og lágu m.a. til þess þau rök að þeir sættu alla jafna misnotkun af hálfu hinna eldri og reyndari.¹⁰

Í 2. mgr. 200. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 40/1992 er sérákvæði sem felur í sér nýmæli. Þar er „kynferðisleg áreitni“ manns, önnur en sú er greinir í 1. mgr., gagnvart barni sínu eða öðrum niðja lýst refsiverð. Eins og áður er komið fram er tekið skýrt fram í greinargerð með lögum nr. 40/1992 að með þessu ákvæði sé engan veginn ætlunin að takmarka eðlilega umhirðu og gælur foreldra eða annarra ættingja við börn sín og barnabörn. Brot gegn 2. mgr. 200. gr. varðar allt að 2 ára fangelsi. Þá er að finna sérstaka refsihækkunarheimild ef brotaþoli er yngri en 16 ára. Getur brot þá varðað allt að 4 ára fangelsi.

Ef kynferðisathafnir falla ekki undir áður nefndar verknaðarlýsingar, þ.e. „samræði“, „önnur kynferðismök“ eða „kynferðislega áreitni“, kann 209. gr. að eiga við um þær (brot gegn blygðunarsemi).¹¹

Með lögum nr. 40/1992 var ákvæði, sem nú er að finna í 3. mgr. 200. gr., um kynlífsathafnir milli systkina (var áður í 2. mgr. 190. gr.) rýmkað á þann veg að „önnur kynferðismök“ eru lögð að jöfnu við samræði. Ákvæðið tekur jafnt til hálf systkina sem alsystkina eins og áður. Þá var hámark refsingar hækkað úr 2 ára í 4

¹⁰ Sama heimild, bls. 790.

¹¹ Sama heimild, bls. 788.

ára fangelsi og heimild til að fella refsingu niður rýmkuð með því að miða við 18 ára aldur í stað 16 ára.

d) Barnaklám, vændi o.fl.

Eins og fram er komið hér að framan, var nýrri málsgrein bætt við 210. gr. hgl. með lögum nr. 126/1996. Er hún svohljóðandi:

Hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

Um þetta ákvæði segir m.a. í greinargerð, að markmið þess sé að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun. Er talið að bann við því að hafa slíkt efni í vörslu sinni geti dregið úr eða jafnvel fyrirbyggt kynferðislega misnotkun barna í tengslum við gerð slíks efnis. Með því að banna vörslu á efni með barnaklámi sé mótuð skýr afstaða gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, jafnframt því sem það geti stuðlað að því að bæta réttarstöðu barna.¹²

Þá er rétt að benda á að samkvæmt 3. mgr. 210. gr. alm. hgl. varðar það refsingu að láta af hendi við unglinga, *yngrir en 18 ára*, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 206. gr. er lögð refsing við vændi (fangelsi allt að 2 árum) og hagnýtingu þess (fangelsi allt að 4 árum). Þá er í 3. mgr. lögð sama refsing við því að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, *yngra en 18 ára*, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti.

¹² Alþingistíðindi A 1996 - 1997, bls. 561.

2.0 Danmörk

2.1 Inngangur

Um kynferðisbrot er fjallað í 24. kafla dönsku hegningarlaga, lovbekendtgørelse nr. 886 af 30. oktober 1992 af straffeloven af 15. april 1930 med senere ændringer, sem ber heitið „forbrydelser mod kønssædeligheden“. Ákvæði hans voru kynbundin fram til ársins 1981 er lögunum var breytt í það horf að þau skyldu ná jafnt til karla sem kvenna í samræmi við breytta tíma og réttarþróun í öðrum löndum, s.s. í Noregi.

2.2 Ákvæði hegningarlaga sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum

Þau ákvæði 24. kafla sem vernda *sérstaklega* börn og ungmenni er að finna í 222. og 223. gr. Þá verður einnig gerð grein fyrir 210. gr., sem fjallar um sífjaspell, enda er algengt að börn séu fórnalömb slíkra brota. Ákvæðið um sífjaspell er í 23. kafla dönsku hegningarlaga, sem ber heitið „forbrydelser i familieforhold“.

Samkvæmt orðalagi 222. og 223. gr. er lögð refsing við því að hafa „samræði“ (samleie) við barn eða ungmenni sem ekki hefur náð tilteknum aldri. Með 224. gr. er verknaðarlýsing þessara ákvæða rýmkuð, þannig að þau taka einnig til þess ef önnur kynferðismök en samræði hafa átt sér stað. Ákvæði 224. gr. er svohljóðandi:

Bestemmelserne i §§ 216-223 finder tilsvarende anvendelse med hensyn til anden kønslig omgængelse end samleje.

Önnur kynferðismök en samræði eru þannig lögð að jöfnu við samræði. Var sami háttur hafður á í íslensku lögunum, en í stað þess að taka það fram í eitt skipti fyrir öll í sérstöku ákvæði, var sú aðferð notuð í íslenska lagatextanum að taka það fram í hverju ákvæði fyrir sig. Samkvæmt 225. gr. dönsku hgl. eiga ákvæði 222. og 223. gr. jafnt við um kynferðismök og aðrar kynferðisathafnir karla og kvenna og samkynja persóna, en þar segir:

Bestemmelserne i §§ 216-220 og 222-223 finder tilsvarende anvendelse med hensyn til kønslig omgængelse med en person af samme køn.

Þá er í 226. gr. dönsku hegningarlaga ákvæði sem svarar til 204. gr. íslensku hegningarlaga (brot framið í gáleysi um aldur viðkomandi). Þá segir í 227. gr. að refsingu megi fella niður ef þær persónur er kynferðismökin hafa gerst í

milli hafa gengið í hjónaband. Svarar þetta ákvæði til 205. gr. íslensku laganna. Íslensku lögin setja þó óvígða sambúð á bekk með hjónabandi. Þá er 201. gr. undanþegin (fjölskyldutengsl) samkvæmt íslenska ákvæðinu en danska ákvæðið tekur jafnframt til samsvarandi dansks ákvæðis. Ákvæði 227. gr. dönsku hegningarlaganna er svohljóðandi:

Straf efter §§ 216-224 og 226 kan bortfalde, når de personer, mellem hvilke kønsomgængelsen har fundet sted, er indtrådt i ægteskab med hinanden.

Í 24. kafla dönsku hegningarlaganna er ekki að finna sérákvæði er taka til kynferðislegrar áreitni eins og í íslensku hegningarlögunum. Slík brot myndu alla jafna vera færð undir 232. gr. (brot gegn blygðunarsemi) eða hugsanlega 260. gr. (ólögmæt nauðung).¹³

a) Almennt ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum

Almennt ákvæði um þetta efni er í 1. mgr. 222. gr., þar sem kynferðismök við börn yngri en 15 ára eru lýst refsiverð. Þá er að finna í 2. mgr. sérstakar refsihækkunarástæður. Hljóðar 222. gr. svo:

Den, som har samleje med et barn under 15 år, straffes med fængsel indtil 6 år.

Har barnet været under 12 år, eller har gerningsmanden forskaffet sig samlejet ved tvang eller fremsættelse af trusler, kan straffen stige til fængsel indtil 10 år.

Ákvæði 222. gr. tekur einnig til annarra kynferðismaka en samræðis (anden kønslig omgængelse end samleje) við barn undir 15 ára aldri, sbr. 224. gr. eins og áður hefur komið fram. Almennt refsihámark samkvæmt ákvæðinu er 6 ára fangelsi, sbr. 1. mgr. Sérstakar refsihækkunarástæður er að finna í 2. mgr. sem heimila að fangelsisrefsing verði allt að 10 ár.

¹³ Waaben, Knud: Strafferettens specielle del. 4. útgáfa. Khöfn 1994, bls. 48.

b) Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann

Í 1. mgr. 223. gr., sbr. 224. gr. dönsku hgl. er að finna sérákvæði um kynferðisbrot gegn einstaklingi undir 18 ára aldri, sem er í nánar tilgreindum tengslum við brotamann. Ákvæði 223. gr. hljóðar svo:

Den, som har samleje med en person under 18 år, der er den skyldiges adoptivbarn, stedbarn eller plejebarn eller er betroet den pågældende til undervisning eller opdragelse, straffes med fængsel indtil 4 år.

Med samme straf anses den, som under groft misbrug af en på alder og erfaring berørende overlegenhed forfører en person under 18 år til samleje.

Ákvæði 1. mgr. 223. gr. svarar efnislega til 1. mgr. 201. gr. alm. hgl. Er miðað við sama aldursmark (18 ár) í báðum ákvæðunum. Íslenska ákvæðið er þó frábrugðið að því leyti að það tekur einnig til sambúðarbarna. Á móti kemur að beita mætti 2. mgr. 223. gr. þegar um önnur tengsl er að ræða en þau sem talin eru upp í 1. mgr., þótt tengslin séu ekki skilyrði refsínæmis samkvæmt 2. mgr. heldur eingöngu það að gróf misnotkun hafi átt sér stað. Tengsl sem kunna að vera fyrir hendi milli brotamanns og brotþola geta vafalaust skipt máli við mat á því hvort misnotkunin yrði metin gróf. Ákvæði þetta skiptir þó aðeins máli þegar ungmenni á aldrinum 15 - 18 ára eiga í hlut, annars ætti 222. gr. við.

Ákvæði 2. mgr. 223. gr. er sjaldan notað í framkvæmd.¹⁴ Hugsanlegt er t.d. að beita því samhliða 210. gr., þegar sífjaspell hefur átt sér stað og brotþoli er á aldrinum 15 - 18 ára.

Samkvæmt 223. gr. dönsku hgl. er hámarksrefsing fyrir brot gegn ákvæðinu fangelsi í 4 ár, en samkvæmt hinu íslenska er hið almenna refsihámark 6 ára fangelsi. Í íslenska ákvæðinu er það tilgreint sem sérstök refsihækkunarástæða ef brotið er gegn barni eða ungmenni yngra en 16 ára og getur slíkt brot varðað allt að 10 ára fangelsi.

Hér má benda á misneytingarákvæði 220. gr. dönsku hegningarlaganna, sem er hliðstætt 198. gr. alm. hgl. Þar segir:

Den, som ved groft misbrug af en persons tjenstlige eller økonomiske afhængighed skaffer sig samleje uden for ægteskab med den pågældende, straffes med fængsel indtil 1 år eller, såfremt forholdet er begået over for en person under 21 år, med fængsel indtil 3 år.

¹⁴ Sama heimild, bls. 55.

c) Kynferðisbrot gegn niðjum

Í 23. kafla dönsku hegningarlaga, „forbryðelser i familiforhold“, er að finna ákvæði um sífjaspell í 210. gr. Hljóðar það svo:

Den, der har samleje med en slægtning i nedstigende linje, straffes med fængsel intil 6 år.

Den, der har samleje med sin broder eller søster, straffes med fængsel indtil 2 år. Straffen kan bortfalde for den, der ikke er fyldt 18 år.

Har anden kønslig omgængelse end samleje fundet sted, bliver en forholdsmæssigt mindre straf at anvende.

Samkvæmt 1. mgr. varðar það mann allt að 6 ára fangelsi ef hann hefur samræði við afkomanda sinn.

Samkvæmt 2. mgr. varðar samræði milli systkina (al- og hálf systkina) refsingu og verður báðum aðilum refsað hafi þeir náð sakhæfisaldri. Refsingu má aftur á móti fella niður sé aðili yngri en 18 ára.¹⁵

Samkvæmt 3. mgr. eru önnur kynferðismök en samræði lýst refsiverð, en beita skal hlutfallslega vægari refsingu.

Vakin er athygli á að í 1. mgr. 200. gr. íslensku hegningarlaga er að finna sérstaka refsihækkunarheimild ef brotþoli er yngri en 16 ára. Þetta skiptir þó aðeins máli að því er varðar 14 og 15 ára gömul ungmenni, þar sem 1. mgr. 202. gr. ísl. hegningarlaga yrði beitt samhliða um brot gegn yngri börnum.

d) Barnaklám, vændi o.fl.

Í 234. gr. dönsku hegningarlaga er lagt bann við því að selja ungmenni *undir 16 ára* aldri klámmyndir eða klámfengna hluti. Liggur sektarrefsing við slíku broti. Á Íslandi er samsvarandi ákvæði miðað við unglunga yngri en 18 ára.

Í 1. mgr. 235. gr. dönsku hegningarlaga er m.a. lögð refsing við því að *selja í atvinnuskyni eða dreifa á annan hátt*, klámfengnum ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum af börnum. Getur slík háttsemi varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Á árinu 1994 var nýrri málsgrein bætt við 235. gr., þar sem *varsla á myndefni með barnaklámi* er lýst refsiverð. Samkvæmt henni varðar

¹⁵ Hér má vekja athygli á nýlegri grein eftir Vagn Greve, sem birtist í Kriminologistisk Árbog 1996 og heitir: Blodskam - en utidssvarende straffebestemmelse, bls. 161 - 166. Þar rökstyður hann þá skoðun sína að ákvæði dönsku hegningarlaga, sem leggur bann við kynferðisathöfnum milli systkina sem eru ábyrg gerða sinna, þ.e. eldri en 18 ára, eigi að afnema.

það sektum að hafa í vörslum sínum ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni með börnum í samförum eða öðrum kynferðismökum. Með sama hætti er refsivert að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðislegum athöfnum með dýrum eða sem nota hluti á klámfenginginn hátt. Íslenska ákvæðið um sama efni er sniðið eftir því danska.

Í 228. og 229. gr. dönsku hegningarlaganna eru ákvæði um vændi og skylda háttsemi.

3.0 Noregur

3.1 Inngangur

Í norsku hegningarlögunum, almindelig borgerlig straffelov nr. 10 frá 22. maí 1902, eru ákvæði um kynferðisbrot í 19. kafla, en hann ber heitið „forbrydelser mod sædeligheten“. Kaflinn hefur sætt þó nokkrum endurskoðunum, ekki síst þau ákvæði er lúta að kynferðisbrotum gegn börnum og ungmennum og má þar sérstaklega nefna breytingarlög nr. 49/1992 og 55/1994.

3.2 Ákvæði hegningarlaga sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum

Í 195. - 197. gr. og 209. gr. eru ákvæði er fjalla *sérstaklega* um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum.

a) Almenn ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum

Í 195. og 196. gr. er að finna almenn ákvæði, sem leggja refsingu við samræði eða öðrum kynferðismökum við börn og ungmenni sem ekki hafa náð tilteknum aldri.

Samkvæmt 195. gr. er lögð refsing við því að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn undir 14 ára aldri. Hjóðar greinin svo:

Den som har eller medvirker til at en annen har utuktig omgang med et barn under 14 år, straffes med fengsel inntil 10 år, men med fengsel i minst 1 år dersom den utuktige omgang var samleie.

Fengsel inntil 21 år kan idømmes hvis den fornærmede som følge av handlingen omkommer eller får betydelig skade på legeme eller helse, eller

den skyldige tidligere har vært straffet etter denne paragraf eller etter § 192, eller handlingen er begått på en særlig smertefull eller særlig krenkende måte, eller den er foretatt overfor barn under 10 år og det har skjedd gjentatte overgrep. Seksuelt overførbare sykdom og allmennfarlig smittsom sykdom jf. smittevernloven § 1-3 nr. 3 jf. nr. 1, anses alltid som betydelig skade på legeme eller helse etter denne paragraf.

Villfarelse med hensyn til alderen utelukker ikke straffeskyld.

Straff etter denne bestemmelse kan falle bort eller settes under det lavmål som følger av første ledd dersom de som har hatt den utuktige omgang, er omtrent jevnbyrdige i alder og utvikling.

Samkvæmt 1. mgr. er lögð refsing við því að hafa eða stuðla að samræði eða öðrum kynferðismökum við barn undir 14 ára aldri. Hámarksrefsing við slíku broti er 10 ára fangelsi. Refsing má þó ekki vera lægri en 1 árs fangelsi hafi samræði (samleie) átt sér stað. Í 213. gr. er skilgreint nákvæmlega hvað getur fallið undir samræði, en þar segir:

Når bestemmelsene i dette kapittel bruker uttrykket samleie, menes vaginalt og analt samleie. Med samleie likestilles innføring av penis i munn og innføring av gjenstand i vagina eller endetarmsåpning.

Þá eru í 2. mgr. 195. gr. tilgreindar nokkrar refsihækkunarástæður. Séu þær fyrir hendi má ákveða fangelsisrefsingu allt að 21 ári. Sérstaklega er bent á að ákvæðið á m.a. við þegar um er að ræða endurtekin kynferðisbrot gagnvart börnum undir 10 ára aldri.

Samkvæmt 3. mgr. útilokar villa um aldur barns ekki refsíabyrgð.

Þá er í 4. mgr. ákvæði þess efnis að refsingu megi fella niður eða færa niður fyrir refsilágmarkið í 1. mgr. ef aðilar eru á líkum aldri og svipaðir í þroska.

Ákvæði 195. gr. er ókynbundið, þannig að fremjandi brots getur verið karl eða kona. Sama er að segja um brotþola.

Samkvæmt 196. gr. norsku hegningarlögganna er lögð refsing við því að hafa eða stuðla að samræði eða öðrum kynferðismökum við ungmenni á aldrinum 14 - 16 ára. Hljóðar ákvæðið svo:

Den som har eller medvirker til at en annen har utuktig omgang med noen som er under 16 år, straffes med fengsel inntil 5 år.

Hvis den fornærmede som følge av handlingen omkommer eller får betydelig skade på legeme eller helse, eller den skyldige tidligere har vært straffet etter denne paragraf eller etter § § 192 eller 195, eller handlingen er begått på en særlig smertefull eller særlig krenkende måte, kan fengsel inntil 15 år idømmes. Seksuelt overførbart sykdom og allmennfarlig smittsom sykdom jf. smittevernloven § 1-3 nr 3 jf nr 1, anses alltid som betydelig skade på legeme eller helse etter denne paragraf.

Villfarelse med hensyn til alderen utelukker ikke straffeskyld, med mindre ingen uaktsomhet kan legges gjerningsmannen til last i så måte.

Straff etter denne bestemmelse kan falle bort dersom de som har hatt den utuktige omgang, er omtrent jevnvbyrdige i alder og utvikling.

Refsing samkvæmt 1. mgr. 196. gr. getur orðið allt að 5 ára fangelsi. Þá er í 2. mgr. kveðið á um ástæður sem geta haft áhrif á þyngd refsingar. Séu þær fyrir hendi má dæma sakborning í fangelsi í allt að 15 ár. Þá segir í 3. mgr. að villa um aldur ungmennis leysi geranda ekki undan refsíabyrgð, nema telja megi að hann hafi ekki sýnt af sér gáleysi í því efni. Ákvæði í 4. mgr. er samhljóða 4. mgr. 195. gr.

b) Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann

Í 19. kafla norsku hegningarlagaanna er að finna ákvæði sem taka til brota, þar sem gerandi og þolandi tengjast nánnum böndum, s.s. blóðböndum eða annars konar fjölskylduböndum. Þessum ákvæðum er oft beitt samhliða 195. - 197. gr.

Í 209. gr. er fjallað um kynferðisbrot gagnvart barni undir 18 ára aldri sem er í nánar tilgreindum fjölskyldutengslum við geranda. Hljóðar greinin svo:

Med fengsel inntil 5 ár straffes den som har eller medvirker til at en annen har utuktig omgang med fosterbarn, pleiebarn, stebarn eller noen under 18 år, som står under hans omsorg, myndighet eller oppsikt. På samme måte straffes den som fremmer en annens utuktige omgang med noen som han står i et slikt forhold til som foran nevnt.

Samkvæmt 197. gr. varðar það refsingu að hafa kynferðismök við ungmenni undir 18 ára aldri sem lýtur forsjá manns eða umsjón. Hljóðar það svo:

Med fengsel inntil 1 år straffes den som har utuktig omgjengelse med nogen person under 18 år som står under den skyldiges myndighet eller opsikt.

§ 196, 2. og 3. ledd, får tilsvarende anvendelse.

Þá má nefna hér misneytingarákvæði 198. og 199. gr. Þau leggja refsingu við því að maður misnoti aðstöðu sína og hafi þannig samræði eða önnur kynferðismök við manneskju sem er honum háð, s.s. brotamaður er kennari eða umsjónarmaður (198. gr.) eða barn eða ungmenni er t.d. vistað á vegum barnaverndaryfirvalda (199. gr.) og er þar af leiðandi undir manns umsjá eða eftirliti. Samkvæmt báðum ákvæðunum er hámarksrefsing 5 ára fangelsi, en þau eru ekki bundin við ákveðin aldursmörk brotþola.

c) Kynferðisbrot gegn niðjum

Í 207. gr. er lögð refsing við kynferðisbrotum gagnvart niðjum. Þar segir:

Den som har utuktig omgång med slektning i nedstigende linje, straffes med fengsel inntil 5 år, men med fengsel inntil 8 år, dersom det gjelder samleie.

Medvirkning straffes på samme måte.

Í 208. gr. er fjallað um kynferðisbrot systkina. Þar segir:

Den som har samleie med bror eller søster, eller som medvirker til at slikt samleie finner sted, straffes med fengsel inntil 2 år.

Straff kommer dog ikke til anvendelse på personer under 18 år.

d) Kynferðisleg áreitni

Í 2. mgr. 212. gr. er lögð refsing við því að sýna barni undir 16 ára aldri kynferðislega áreitni. Almennt refsihámark er 3 ára fangelsi, en getur orðið 6 ára fangelsi hafi gerandi áður brotið gegn tilteknum ákvæðum 19. kafla. Í 2. mgr. 212. gr. segir m.a.:

Den som foretar utuktig handling med noen under 16 år eller forleder noen under 16 år til utuktig atferd, straffes med fengsel inntil 3 år. Har den skyldige tidligere vært straffet etter denne bestemmelse eller etter § 192,

195, 196 eller 197, eller er handlingen utført under særdeles skjerpene omstendigheter, kan fengsel inntil 6 år anvendes ...

e) Barnaklám

Í 19. kafla norsku hegningarlögunanna er ákvæði sem leggur bann við því að einstaklingum undir 18 ára aldri séu *afhent* klámrit, klámmyndir eða aðrir slíkir hluti, sbr. c-lið 1. mgr. 211. gr. Getur það varðað viðkomandi sektum og /eða allt að 2 ára fangelsi að brjóta gegn slíku banni. Sambærilegt ákvæði í íslensku hegningarlögunum miðar við sama aldursmark, en dönsku hegningarlögin miða við að bannað sé að afhenda börnum yngri en 16 ára slíka hluti.

Árið 1992 var 211. gr. breytt og *varsla* á myndefni með barnaklámi gerð refsiverð. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 211. gr. varðar það þann sektum eða fangelsi allt að 2 árum, eða hvort tveggja, sem hefur í vörslu sinni eða flytur inn myndir, kvikmyndir, myndbönd eða sambærilegt efni, þar sem einhver sem er eða virðist vera yngri en 16 ára er sýndur á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Er norska ákvæðið svohljóðandi:

Med bøter eller med fengsel inntil 2 år eller med begge deler straffes:

a)

b)

c)

d) den som besitter eller innfører bilder, film, videogram eller lignende, hvor noen som er, må regnes å være eller fremstilles som å være under 16 år, er vist på utuktig eller pornografisk måte.

Med utuktige eller pornografiske skildringer menes i denne paragraf kjønnslige skildringer som virker støtende eller på annen måte er egnet til å virke menneskelig nedverdiggende eller forrårende, herunder kjønnslige skildringer med bruk av barn, dyr, vold, tvang og sadisme.

Medvirkning straffes på samme måte.

.....

Ved straffeutmålingen legges det i skjerpene retning vekt på om de utuktige eller pornografiske skildringer omfatter bruk av barn, dyr, vold, tvang og sadisme.

.....

Samkvæmt 6. mgr. greinarinnar ber að meta það til refsipýngingar ef hið klámfengna efni sýnir notkun á börnum, dýrum, ofbeldi, þvingun eða kvalalosta.

Loks má benda á að í 212. gr. er fjallað um athafnir sem brjóta gegn blygðunarsemi fólks. Er þar í sérstökum lið (3.tl. 1.mgr.) kveðið á um það ef slíkar athafnir eða orð eru höfð í frammi fyrir barni eða ungmenni undir 16 ára aldri.

4.0 Svíþjóð

4.1 Inngangur

Í 6. kafla sænsku hegningarlagna, brottsbalk frá 21. desember 1962, er fjallað um kynferðisbrot. Heiti kaflans er „om sexualbrott“.

4.2 Ákvæði hegningarlaga sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum

Í 4. gr. 6. kafla sænsku hegningarlagna er sérstaklega fjallað um kynferðisbrot gegn börnum. Framsetningin í sænsku lögunum er með þeim hætti að fjallað er á nokkuð heildstæðan hátt um þessi brot í sama lagaákvæðinu. Hún er því nokkuð ólík því sem gerist í Danmörku, Noregi og hér á landi. Ákvæði 4. gr. sænsku hegningarlagna. hljóðar svo:

Har någon sexuellt umgänge med den som är under arton år och som är hans avkomling eller står under hans fostran eller för vars vård eller tillsyn han har att svara på grund av myndighets beslut, döms för *sexuellt utnyttjande av underårig* till fängelse i högst fyra år. Detsamma skall gälla om någon, i annat fall än som avses förut i detta kapitel, har sexuellt umgänge med barn under femton år.

Om den som har begått gärningen visat särskild hänsynslöshet mot den underåriga eller om brottet på grund av dennes låga ålder eller annars är att anse som grovt, skall dömas för *grovt sexuellt utnyttjande av underårig* till fängelse, lägst två och högst åtta år. **Lag 1994:1499.**

Í 11. gr. 6. kafla er að finna ákvæði um villu varðandi aldur barns og í 13. gr. 6. kafla er ákvæði sem fjallar um málshöfðun vegna brota á tilteknum ákvæðum kaflans, ef málum háttar þannig að sakborningur og brotþoli eru á líkum aldri og svipaðir í þroska.

a) Almennt ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum

Í 2. ml. 1. mgr. 4. gr. er að finna almennt ákvæði um kynferðisbrot gagnvart börnum yngri en 15 ára. Liggur sama refsing við því broti og gegn 1. ml. 1. mgr. sömu greinar, þ.e. fangelsisrefsing allt að 4 árum.

Þá eiga sérrefsimörk 2. mgr. 4. gr. einnig við um þessu brot.

b) Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann

Í 1. ml. 1. mgr. 4. gr. er kveðið á um refsingu fyrir kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum *yngri en 18 ára*, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann, annars vegar vegna skyldleika og hins vegar vegna annars konar persónulegra eða félagslegra aðstæðna. Varða slík brot fangelsi allt að 4 árum.

Ákvæði 1. ml. 1. mgr. 4. gr. svara til 1. mgr. 200. og 1. mgr. 201. gr. íslensku hegningarlaganna. Í sænska ákvæðinu er sett sérregla um þau tilvik þegar kynferðisbrot eiga sér stað gegn skyldmenni í beinan ættlegg *sem er undir 18 ára aldri*, en 6. gr. 6. kafla sænsku hgl. fjallar um sífjaspell almennt. Refsing samkvæmt 1. mgr. 6. gr. er vægari en samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 4. gr. Með þessu fyrirkomulagi er verið að draga fram alvarleika þess þegar kynferðisbrot á sér stað gagnvart einstaklingi yngri en 18 ára. Það er líka gert í íslenska sífjaspellsákvæðinu, en þar er tekið fram að refsing geti orðið allt að 10 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Í 2. mgr. 4. gr. er að finna sérstök refsimörk. Séu þær aðstæður fyrir hendi sem málsgreinin lýsir, er heimilt að dæma mann í allt að 8 ára fangelsi. Þá er einnig kveðið á um lágmarksrefsingu, sem er tvö ár.

c) Kynferðisbrot gegn niðjum

Ákvæði 6. gr. 6. kafla sænsku hgl. er svohljóðandi:

Har någon, i annat fall än som avses förut i detta kapitel, samlag med eget barn eller dess avkomling, döms för *sexuellt umgänge med avkomling* till fängelse i högst två år.

Den som, i annat fall än som avses förut i detta kapitel, har samlag med sit helsyskon, döms för *sexuellt umgänge med syskon* till fängelse i högst ett år.

Vad som sägs i denna paragraf gäller inte den som förmåtts till gårningen genom olaga tvång eller på annat otillbörligt sätt.

Í 1. mgr. er að finna almennt ákvæði sem leggur refsingu við kynferðismökum manns við afkomanda sinn. Við slíku broti liggur fangelsisrefsing allt að 2 árum. Sé brotþoli yngri en 18 ára, ber að beita sérákvæði 1. ml. 1. mgr. 4. gr. um háttsemina. Tekið er fram í 3. mgr. 6. gr. að ákvæðið eigi ekki við ef ólögmætri nauðung eða annars konar óviðurkvæmilegri aðferð er beitt við framningu brots. Ber þá að beita um það öðrum ákvæðum kaflans, s.s. 1. gr.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um kynlífsathafnir milli systkina. Athyglisvert er að refsinaemi samkvæmt ákvæðinu er bundið við að athafnirnar eigi sér stað milli alsystkina, en í Noregi, Danmörku og á Íslandi taka sambærileg ákvæði einnig til hálsystkina.

d) Kynferðisleg áreitni

Í 7. gr. 6. kafla sænsku hegningarlögganna er að finna ákvæði sem fjallar m.a. um kynferðislega áreitni gagnvart börnum og ungmönnum. Hljóðar það svo:

Den som, i annat fall än som avses förut i detta kapitel, sexuellt berör barn under femton år eller förmår barnet att företa eller medverka i någon handling med sexuell innebörd, döms för *sexuellt ofredande* till böter eller fängelse i högst två år.

För sexuellt ofredande döms även den som genom tvang, förledande eller annan otillbörlig påverkan förmår någon som har fyllt femton men inte arton år att företa eller medverka i en handling med sexuell innebörd, om handlingen är ett led i framställning av pornografisk bild eller utgör en posering i annat fall än när det är fråga om framställning av en bild.

Detsamma skall gälla, om någon blottar sig för annan på sätt som är ägnat att väcka anstöt eller eljest genom ord eller handling på ett uppenbart sedlighetssårande sätt uppträder anstötligt mot annan.

Í 1. mgr. er lögð refsing við því að sýna börnum yngri en 15 ára kynferðislega áreitni eða særa blygðunarsemi þeirra. Getur slíkt brot varðað sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Þá er í 2. mgr. lögð refsing við því að beita ólögmætum eða ótilhlýðilegum aðferðum til að fá ungmenni sem eru 15, 16 eða 17 ára til að taka þátt í kynferðisathöfnum sem eru liður í framleiðslu á klámfengnu efni. Ákvæði 3. mgr. 7. gr. tekur ekki sérstaklega til barna.

e) **Barnaklám, vændi o.fl.**

Samkvæmt sænskum lögum er varsla rita eða annars efnis, sem sýnir barnaklám, ekki refsiverð. Aftur á móti ákvað sænska þingið í júní 1994 að stefnt yrði að því að varsla á efni með barnaklámi skyldi gerð refsiverð frá og með 1. janúar 1999. Jafnframt voru lögfest ákvæði sem tóku gildi 1. janúar 1995 um að heimilt væri að gera slíkt efni upptækt án þess að sá sem hefði það undir höndum sætti refsingu.¹⁶

Samkvæmt 10. gr. a í 16. kafla sænsku hegningarlaganna skal sá sem sýnir barn í klámmynd sem er gerð í þeim tilgangi að dreifa henni eða sem dreifir slíkri mynd af barni, ef verknaðurinn, með tilliti til aðstæðna telst ekki forsvaranlegur, sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum fyrir barnaklámsbrot.

Þá er í 8. - 10. gr. 6. kafla sænsku hgl. ákvæði um vændi og skyld brot. Sérstakt ákvæði er um vændi ungmenna yngri en 18 ára í 10. gr.

5.0 Niðurstöður

Hér að framan hefur verið lýst í aðalatriðum ákvæðum norrænna hegningarlaga um kynferðisbrot gegn börnum. Almennur samanburður leiðir í ljós að verndin er sambærileg þrátt fyrir að framsetning ákvæðanna í einstökum löndum sé með mismunandi hætti.

Taflan hér að neðan sýnir almenn refsimörk (refsiramma) vegna kynferðisbrota gegn börnum á Íslandi, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Þar eru einnig sýnd til samanburðar almenn refsimörk vegna nauðgunar í þessum löndum. Nauðgun er fróðleg til samanburðar þar sem hún hefur að jafnaði verið álitin eitt alvarlegasta kynferðisbrotið.

Fremur sjaldgæft er að tilgreint sé í hegningarlagaákvæði sérstakt refsilágmark, sem er annað en hið almenna lágmark viðkomandi refsitegundar og fram kemur í almennu ákvæði þess efnis í hegningarlögunum. Eins og áður hefur komið fram hefur stefnan verið sú á Norðurlöndunum að afnema sem flest sérákvæði um refsilágmark og láta almennt refsilágmark viðkomandi refsitegundar duga.¹⁷ Sé tiltekið sérstakt refsilágmark í ákvæði sem taflan tekur til er það sérstaklega tekið fram. Að öðru leyti er lágmark refsingar ekki sérstaklega tiltekið og vísast um það efni til ákvæða um almennt refsilágmark, sbr. á Íslandi 34. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

¹⁶ Alþingistíðindi A 1996 - 1997, bls. 564.

¹⁷ Jónatan Þórmundsson: Viðurlög við afbrotum. Rvík 1992, bls. 245.

	Nauðgun	Almennt ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum	Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann	Kynferðisbrot gagnvart niðjum
Ísland	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum (194. gr.).	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 12 árum (1. ml. 1. mgr. 202. gr.).*	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 6 árum. <i>Sérrefsimörk:</i> fangelsi allt að 10 árum (1. mgr. 201. gr.).	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 6 árum. <i>Sérrefsimörk:</i> fangelsi allt að 10 árum sé barn yngra en 16 ára (1. mgr. 200. gr.).
Danmörk	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 6 árum. <i>Sérrefsimörk:</i> fangelsi allt að 10 árum (216. gr.).**	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 6 árum. <i>Sérrefsimörk:</i> fangelsi allt að 10 árum (222. gr.).***	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 4 árum (1. mgr. 223. gr.).	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 6 árum (1. mgr. 210. gr.).
Noregur	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 10 árum. Lágmark 1 ár hafi verið um samræði að ræða. <i>Sérrefsimörk:</i> fangelsi allt að 21 ári (192. gr.).	a. Börn og ungmenni yngri en 14 ára: <i>almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 10 árum. Lágmark 1 ár hafi verið um samræði að ræða. <i>Sérrefsimörk:</i> fangelsi allt að 21 ári (195. gr.). b. Börn og ungmenni yngri en 16 ára: <i>almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 5 árum. <i>Sérrefsimörk:</i> fangelsi allt að 15 árum (196. gr.).	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 5 árum (209. gr.)****	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 5 árum, en allt að 8 árum hafi verið um samræði að ræða (207. gr.).
Svíþjóð	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 6 árum. <i>Sérrefsimörk:</i> annars vegar fangelsi allt að 4 árum og lágmark afnumið (brot ekki mjög alvarlegt) og hins vegar fangelsi ekki skemur en 4 ár og allt að 10 árum (brot mjög alvarlegt) (6. kafli: 1. gr.).	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 4 árum. <i>Sérrefsimörk:</i> fangelsi ekki skemur en 2 ár allt að 8 árum (6. kafli: 4. gr.).*****	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 4 árum. <i>Sérrefsimörk:</i> fangelsi ekki skemur en 2 ár allt að 8 árum (6. kafli: 4. gr.).	<i>Almenn refsimörk:</i> fangelsi allt að 4 árum. <i>Sérrefsimörk:</i> fangelsi ekki skemur en 2 ár allt að 8 árum (6. kafli: 4. gr.). *****

* Miðað er við börn yngri en 14 ára. Sérstakt ákvæði er í 2. mgr. 202. gr. um kynferðismök við ungmenni á aldrinum 14 - 16 ára.

** Fram til ársins 1967 var refsing fyrir nauðgun fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða ævilangt. Árið 1967 var lögunum breytt og hámarksrefsing fyrir nauðgun færð niður í 10 ár og lágmarksrefsing afnumin. Gildandi refsihámark var ákveðið með lögum frá árinu 1981.

*** Miðað er við börn yngri en 15 ára. Refsihækkunarheimild skal beita ef barn er yngra en 12 ára. Þá má benda hér á sérstakt ákvæði í 2. mgr. 223. gr., sem fjallar um kynferðismök við ungmenni yngra en 18 ára.

**** Þá má benda hér á 197. gr., sem leggur refsingu við því að hafa kynferðismök við einstakling undir 18 ára aldri sem er undir umsjá manns eða eftirliti. Getur það varðað allt að 1 árs fangelsi.

***** Miðað er við börn undir 15 ára aldri.

***** Miðað er við börn og ungmenni undir 18 ára aldri.

Á grundvelli umfjöllunar undanfarandi kafla og töflunnar má benda á eftirfarandi atriði til umhugsunar:

1. Samanburður á almennu ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum leiðir í ljós að viðmiðunaraldur er lægstur hér á landi eða 14 ár. Í Danmörku og Svíþjóð er hann 15 ár, en 16 ár í Noregi. Rétt er að taka fram að hámark refsingar er lægra í Noregi ef um er að ræða kynferðisbrot gegn ungmenni á aldrinum 14 og 15 ára. Þó er bent á að í 2. mgr. 202. gr. íslensku hegningarlaganna er ákvæði sem verndar börn á aldrinum 14 - 16 ára að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Í ljósi þessa má velja því fyrir sér hvort rétt sé að breyta reglunum hér á landi til samræmis við það sem gert er í Noregi, þ.e. að börn undir 16 ára aldri njóti óskilyrtrar verndar.

2. Almenn refsihámark hér á landi vegna brota á almennu ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum er hærra en í samanburðarlöndunum. Ákvæði 1. mgr. 202. gr. íslensku hegningarlaganna gerir ekki ráð fyrir sérstakri refsihækkunarheimild vegna grófleika brots, heldur yrði þá hugsanlega öðrum ákvæðum laganna beitt samhliða, t.d. 194. gr. um nauðgun. Getur refsingin þá orðið allt að 16 ára fangelsi, en ekki skemur en 1 ár. Í Danmörku og Svíþjóð eru sérstakar refsihækkunarheimildir ef brot telst mjög gróft. Hámarksrefsing samkvæmt þeim er þó lægri en hið almenna refsihámark hér á landi. Aðeins í Noregi er kveðið á um þyngri hámarksrefsingu, eða fangelsi í allt að 21 ár, þegar brot telst sérstaklega gróft. Þetta á t.d. við þegar barn er yngra en 10 ára og um síendurtekin brot hefur verið að ræða. Norsku lögin leggja þannig slík brot að jöfnu við alvarleg nauðgunartilvik. Þetta er einnig gert í Danmörku þótt refsihámarkið sé almennt lægra en hér á landi. Þá má nefna að samkvæmt norska ákvæðinu skal dæma mann í fangelsi ekki skemur en eitt

ár hafi verknaðurinn falið í sér samræði. Þessi lögbundna lágmarksrefsing er óháð því hvort brot telst að öðru leyti sérlega gróft eða ekki. Í sænska ákvæðinu er gert ráð fyrir því að lágmarksrefsing fyrir kynferðisbrot af þessu tagi sem telst mjög gróft verði ekki skemmri en fangelsi í tvö ár.

Í framhaldi af þessu má spyrja hvort ástæða sé til þess að hækka hámarksrefsingu hér á landi, til dæmis í þeim tilvikum þegar um er að ræða síendurtekin brot gagnvart ungum börnum, þannig að hún verði sú sama og fyrir nauðgun, þar sem telja verði að brot af því tagi séu ekki síður alvarleg. Þá má einnig velta því fyrir sér hvort rétt sé að kveða á um sérstaka lágmarksrefsingu eins og gert er í Noregi og Svíþjóð.

3. Hámark refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum eða ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í **sérstökum tengslum** við brotamann og fyrir kynferðisbrot gegn niðjum er almennt hærra hér á landi en í nágrannalöndunum.

4. Séu borin saman ákvæði sem varða **kynferðislega áreitni** gagnvart börnum og ungmennum kemur í ljós að íslensk lög veita að minnsta kosti jafn ríka vernd og í samanburðarlöndunum.

5. Ákvæði íslenskra laga um **barnaklám**, sem hafa það að markmiði að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun, eru sambærileg við löggjöf í Danmörku og Noregi, enda var við samningu íslensku laganna stuðst við löggjöf þessara landa.

6. Hámarksrefsing fyrir brot gegn 1. ml. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga er 12 ára fangelsi. Þessi brot fyrnast á 15 árum samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 81. gr. alm. hgl., sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981. Þegar um kynferðislega áreitni er að ræða samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 202. gr. getur brot varðað mest 4 ára fangelsi og fyrnast þau því á 5 árum samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 81. gr. alm. hgl., sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981.

Í Noregi hefur átt sér stað talsverð umræða um **fyrningarfresti** vegna kynferðisbrota gegn börnum. Þar í landi var farin sú leið að hækka refsihámark þessara brota með það í huga að lengja fyrningarfresti. Í greinargerð (Ot. prp. nr. 20, 1991-1992), sem samin var í tengslum við frumvarp til breytinga sem gerðar voru á 19. kafla norsku hegningarlaganna fyrir nokkrum árum, er að finna athugasemdir um þetta. Þar er bent á að oft líði langur tími frá því að brot af þessu tagi á sér stað þar til lögregla fær vitneskju um það. Börn hafi eðlilega ekki sömu hæfileika til að gera sér grein fyrir aðstæðum eða til að átta sig á því að um refsivert athæfi hafi verið að ræða. Þau hafi því oft á tíðum enga möguleika á því að kæra slík brot innan „lögbundinna

fyrningarfresta“ eins og þeir eru samkvæmt gildandi lögum. Oft koma þessi brot ekki fram í dagsljósið fyrir en mörgum árum eftir að þau voru framin og jafnvel ekki fyrir en börnin (brotaþolarnir) hafa náð fullorðinsaldri. Þetta á ekki síst við þegar brotamaður er í fjölskyldutengslum við brotaþola. Sem fyrir segir var farin sú leið í Noregi að hækka refsihámarkið og var talið að með því móti yrðu fyrningarfrestir í þessum málum nægilega langir. Með þeirri breytingu urðu fyrningarfrestir fyrir alvarlegustu brotin allt að 25 ár. Í norsku greinargerðinni er m.a. fjallað um þann möguleika að hafa sérstakar fyrningarreglur um þessi brot, s.s. að brot fyrnist ekki fyrir en brotaþoli hefur náð 25 ára aldri. Ekki voru þó gerðar tillögur um slíkt. Ástæða er til að vekja athygli á þessu þar sem fyrningarfrestur samkvæmt íslensku hegningarlögunum getur lengstur orðið 15 ár.

II. hluti

Dómaframkvæmd á Íslandi

1.0 Inngangur

Í þessum kafla eru reifaðir dómur Hæstaréttar frá árunum 1994, 1995 og 1996 sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum yngri en 18 ára. Af þessu leiðir að m.a. eru reifaðir dómur sem varða nauðgun og ólögmæta nauðung þar sem brotþoli er yngri en 18 ára. Í skýrslu dómsmálaráðherra um kynferðis- og sifskaparbrotamál, sem lögð var fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995 - 1996 (sbr. 245. mál, þskj. 1131), er m.a. að finna upplýsingar um dóma Hæstaréttar í þessum málaflokki á tímabilinu 1984 - 1994. Vísast til þeirrar skýrslu til fyllingar þeim upplýsingum sem hér koma fram.

Aldur ákærða, sem fram kemur í sviga í dómareifunum, miðast við þann tíma er brot var framið. Þá er rétt að taka fram að eftirtaldir dómur Hæstaréttar: H 1994:639, H 1995:1631, H 1996:23. maí, 13. júní og 5. des., varða verknaði sem áttu sér stað að hluta til eða að öllu leyti fyrir það tímamark er lög nr. 40/1992 tóku gildi. Við ákvörðun refsingar var þar af leiðandi höfð hliðsjón af þeim refsímörkum almennra hegningarlaga sem giltu áður en þeim var breytt með lögum nr. 40/1992. Refsing var þannig ekki dæmd þyngri en orðið hefði eftir eldri ákvæðum.

2.0 Dómareifanir

2.1 Nauðgun, sbr. 194. gr. alm. hgl.

H 1994:230. A (14 ára gömul stúlka) hafði hitt ákærða G (22 ára) um nótt og tekið með honum leigubíl að heimili hans. Þau höfðu kysst og látið vel að hvort öðru í aftursæti bifreiðarinnar og síðan á heimili G. Hófu þau samfarir, sem í fyrstu voru með samþykki A, en síðan snérist henni hugur. G var sakfelldur í héraðsdómi fyrir nauðgun, með því að hafa með ofbeldi og hótunum um ofbeldi þröngvað A til holdlegs samræðis. Var G dæmdur í *12 mánaða fangelsi* í héraði og segir m.a. í dómi héraðsdóms: „Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til þess að hann hefur með háttsemi sinni rofið skilorð tveggja dóma sakadóms A..., en jafnframt ber að hafa í huga aðdraganda máls þessa og það, að háttsemi ákærða virðist ekki hafa haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir A.“ Hæstiréttur staðfesti héraðsdóminn.

H 1994:1874. Maður dæmdur fyrir nauðgun. Brotþoli var 13 ára gömul stjúpdóttir hans. Í Hæstarétti var refsing ákveðin *18 mánaða fangelsi*. Dómurinn er reifaður undir 201. gr. alm. hgl.

H 1995:3089. Ákærði (21 árs) dæmdur fyrir að hafa þröngvað 16 ára gamalli stúlku til holdlegs samræðis í beitingaskúr, sbr. 194. gr. alm. hgl., sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Var hann dæmdur í 12 mánaða fangelsi í héraðsdómi.

Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess, að ákærði og kærandi fóru saman frá skemmtisvæðinu úr augnsýn fólks. Viðbrögð ákærða við höfnun hennar, eins og hún lýsir þeim, benda ekki til verulega einbeitts vilja hans. Þegar hins vegar er litið til þeirra alvarlegu afleiðinga, sem brot ákærða er fallið til að hafa á líf kæranda, sem aðeins var 16 ára, verður ekki hjá því komist að þyngja refsingu hans frá því, er hún var ákveðin í héraði, í *18 mánaða fangelsi*.“

Stúlkan fór fram á 650.000 kr. í miskabætur. Í héraðsdómi voru þær taldar hæfilega ákveðnar 300.000 kr.

2.2 Önnur ólögmat nauðung, sbr. 195. gr. alm. hgl.

Dómur Hæstaréttar frá 10. október 1996 (mál nr. 158/1996). Maður (49 ára) dæmdur fyrir kynferðisbrot, með því að hafa þröngvað 16 ára gamalli stúlku með ólögmatrí nauðung til samræðis, sbr. 195. gr. alm. hgl., sbr. 3. gr. laga nr. 40/1992. Í héraðsdómi segir m.a.: „Vettvangur þess atburðar, sem hér er til umfjöllunar, var hesthús, fjarri mannabyggð. Ákærði var 49 ára að aldri þá er atburðurinn átti sér stað, en kærandi 16 ára. Þá er verulegur aflsmunur á þeim.“ Með „sérstakri hliðsjón af aldri kæranda og eðli brotsins“ var refsing ákærða ákveðin *fangelsi í 12 mánuði*. Dómur héraðsdóms var staðfestur í Hæstarétti.

2.3 Sifjaspell, sbr. 200. gr. alm. hgl.

Dómur Hæstaréttar frá 23. maí 1996 (mál nr. 83/1996). Ákærði (fæddur 1959) var dæmdur fyrir kynferðisbrot gagnvart dóttur sinni (fædd 4. feb. 1983). Hann hafði á tímabilinu frá árinu 1990 til hausts 1994 haft samræði og önnur kynferðismök við hana, bæði í leggöng og endaparm, káfað á kynfærum og brjóstum hennar, látið hana fara höndum um lim sinn og látið hana setja hann í munninn og sleikt kynfæri stúlkunnar. Brot hans voru talin varða við 1. og 2. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 202. gr. alm. hgl., sbr. 8. og 10. gr. laga nr. 40/1992. Í héraðsdómi segir m.a.: „Brot ákærða eru stórfelld og framin á löngu tímabili. Þau hafa haft alvarlegar afleiðingar og er enn

ekki séð fyrir endann á þeim. Ákærði hefur engar málsbætur. Samkvæmt þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin *fjögurra ára fangelsi*.“

Fyrir hönd stúlkunnar var gerð krafa um miskabætur að fjárhæð 4.000.000 kr. Um þá kröfu segir í héraðsdómi: „Samkvæmt skýrslum félagsráðgjafans og framburði telpunnar þykir mega leggja til grundvallar að vegna framferðis ákærða hafi hún orðið fyrir miska sem lýsir sér í líkamlegri vanlíðan, ástæðulausum ótta, svefntruflunum, tilfinningakulda, sektarkennd, ótímabærri kynörvun með truflun á kynþroska, einbeitingarskort, ósjálfstæði og öryggisleysi og skerðingu á því trausti sem hún á að geta borið til sinna nánustu og annarra, eins og nánar er lýst í álitgerð félagsráðgjafans. Jafnframt má ganga út frá því að enn eigi eftir að koma fram afleiðingar sem reikna má sem ófjárhagslegt tjón. Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 90 1993 þykir mega ákveða miskabætur til telpunnar af þessum sökum 2.000.000 krónur.“

Hæstiréttur staðfesti refsiakvörðun héraðsdóms en segir um bótakröfuna: „Við ákvörðun skaðabóta úr hendi ákærða ber að taka tillit til skyldleika aðilanna ásamt því, að hann mun eftir sem áður bera framfærsluskyldur gagnvart dóttur sinni. Samkvæmt meginreglu 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga og nú 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón á hún rétt til miskabóta. Brot ákærða voru alvarleg og til þess fallin að valda mikilli röskun á tilfinningalífi og högum telpunnar, sem vandi er úr að bæta. Í málinu liggur fyrir greinargerð félagsráðgjafa, sem veitt hefur telpunni aðstoð að undanfögnu, en ráðgjafinn starfar við barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans og hefur menntun og reynslu á því sviði þessarar starfsgreinar, sem lýtur að meðferð á börnum. Virðist ítarlegt álit hans mjög í samræmi við það, sem almennt megi vænta um afleiðingar brota af þessu tagi. Hins vegar liggur ekki fyrir að svo komnu, í hvaða mæli þær kunni að verða varanlegar fyrir telpuna eða hvort ráða megi bót á þeim. Með hliðsjón af þessu þykja miskabætur til telpunnar hæfilega ákveðnar 1.000.000 krónur...“

Dómur Hæstaréttar frá 13. júní 1996 (mál nr. 130/1996). Ákærði (fæddur 1949) var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sinni. Um margra ára skeið, eða frá því að stúlkan var 7-8 ára allt þar til hún varð 14 ára, misnotaði hann hana kynferðislega. Fyrstu árin káfaði hann á líkama hennar og lét hana fara höndum um lim sinn. Síðar hafði hann við hana samræði og önnur kynferðismök. Í héraðsdómi segir: „Brot ákærða eru mjög alvarlegs eðlis og stórfelld. Þau eru framin á löngum tíma, nær samfelld, allt frá því er telpan var 7-8 ára gömul, en hin alvarlegustu, fullkomið samræði, að jafnaði tvisvar til þrisvar í mánuði frá 12 ára aldri hennar og stóðu þau í rúm tvö ár. Brotin framdi ákærði í skjóli heimilis síns og telpunnar og í bifreið sinni, þar sem lítillar undankomu var auðið, og nýtti hann sér ungan aldur

hennar og traust hennar á sér sem foreldris og uppalanda. Er ljóst að brot hans hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir stúlkuna, svo sem að framan er rakið í framburði hennar og átlitsgerðum þeirra sérfræðinga, sem fyrir dóminn komu og enn er ekki séð fyrir endann á þeim. Ákærði játaði hins vegar brot sín greiðlega og hann greiddi X miskabætur áður en aðalmeðferð málsins hófst. Hann hefur leitað til sérfræðings í geðlækningum. Hann hefur ekki gerst sekur um brot, sem hér skipta máli.“ Var ákærði dæmdur í 7 ára fangelsi.

Í dómi Hæstaréttar segir: „Fallast ber á það með héraðsdómi að brot ákærða hafi verið mjög alvarlegs eðlis og stórfelld og ljóst að þau geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir brotþola. Ákærði játaði hins vegar brot sín greiðlega og af hreinskilni og hefur greitt brotþola bætur. Hann hefur af sjálfsdáðum sótt hjálp til geðlæknis í því skyni að ráða bóta á tilhneigingum sínum. Þá hefur ákærði ekki gerst sekur um önnur brot sem hér skipta máli. Þykir því þegar refsing hans er tiltekin samkvæmt 70. gr. almennra hegningarlaga mega hafa hliðsjón af 8. og 9. tölulið 1. mgr. 74. gr. sömu laga. Með tilliti til þess sem hér hefur verið rakið þykir refsingin hæfilega ákveðin 4 ár og 6 mánuðir.“

2.4 Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotaman, sbr. 201. gr. alm. hgl.

H 1994:1849. Ákærði (38 ára) dæmdur fyrir kynferðisbrot gagnvart 5 ára dóttur sambýliskonu sinnar, sbr. 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. alm. hgl., sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 40/1992. Brot hans fólst í því að hafa í eitt skipti á heimili sínu farið höndum um og sleikt kynfæri stúlkunnar og sett getnaðarlim sinn í munn hennar og látið hana sjúga hann. Dæmdur til að sæta 10 mánaða fangelsi í héraði. Hæstiréttur þyngdi refsinguna í 15 mánaða fangelsi.

H 1994:1874. Ákærði (33 ára) dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni samkvæmt 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. Segja má að ákæran í málinu hafi verið tvíþætt. Annars vegar varðaði hún ítrekaða kynferðislega misnotkun ákærða á stjúpdóttur sinni á árunum 1980 - 1985, er hún var 9 - 13 ára. Hins vegar var honum gefið að sök að hafa í eitt skipti ráðist með ofbeldi á stúlkuna, sem þá var 13 ára, þar sem hún lá í rúmi sínu, fært hana svo harkarlega úr fötum, að þau rifnuðu, sest nakinn með leðurólar um mjaðmir og úlnliði klofvega ofan á stúlkuna með getnaðarlim sinn í reistri stöðu og farið höndum um líkama hennar, þar til þáverandi eiginkona hans og móðir stúlkunnar koma að þeim, eftir að hafa heyrt hróp dóttur sinnar.

Héraðsdómur taldi að einungis væri komin fram fullnægjandi sönnun um síðari lið ákærunnar. Dæmdur til að sæta 15 mánaða fangelsi. Hæstaréttur staðfesti sönnunarmat héraðsdómara, en þyngdi refsinguna í *18 mánaða fangelsi*.

H 1995:1469. Ákærði (rúmlega fertugur) dæmdur fyrir kynferðisbrot samkvæmt 2. mgr. 201. gr. alm. hgl., sbr. 9. gr. laga nr. 40/1992 með því að hafa frá því í nóvember 1992 og til ágúst 1993 margoft leitað á telpuna A (f. 1981), dóttur sambýliskonu sinnar, og áreitt hana kynferðislega með því að strjúka kynfæri hennar og brjóst. Í héraðsdómi segir m.a.: „Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þess, að ákærði notfærði sér bágar heimilisaðstæður stúlkunnar, ábyrgðarkennd hennar gagnvart móður sinni og bróður, yfirburði sína gagnvart henni og það traust, sem hún bar til hans. Brást hann þannig algerlega þeim trúnaði, sem honum var sýndur, með því að honum var falin þátttaka í uppeldi stúlkunnar ... þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin *8 mánaða fangelsi*.“ Refsiákvörðun héraðsdóms var staðfest í Hæstarétti.

Fyrir hönd A var krafist miskabóta að fjárhæð 500.000 kr. Bætur voru dæmdar hæfilegar 300.000 kr.

H 1995:1631. Ákærði (á fimmtugsaldri) dæmdur fyrir kynferðisbrot gagnvart tveimur stjúpdætrum sínum, sbr. 1. mgr. 201. og 1. mgr. 202. gr. alm. hgl., sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 40/1992. Brotin framdi hann á árunum 1983 - 1986 og voru stúlkurnar 6 og 8 ára gamlar er þau hófust. Brotin fólust í því að ákærði viðhafði í endurtekin skipti önnur kynferðismök en samræði við stúlkurnar. Hann fór margsinnis höndum um kynfæri stúlkunnar J, setti fingur sinn í þau, sleikti þau og nuddaði getnaðarlim sínum milli föta hennar, svo að honum varð sáðfall. Gagnvart stúlkunni M hafði hann eitt sinn í gufubaði látið hana leggjast ofan á sig og nuddað kynfærum sínum utan í hana, svo að honum varð sáðfall. Þá fór hann í mörg skipti höndum um kynfæri hennar og setti fingur sinn inn í þau og í eitt skipti sleikti hann þau og jafnframt í eitt skipti á salerni lét hann hana leggjast ofan á sig og nuddaði getnaðarlim sínum við kynfæri hennar, svo að honum varð sáðfall.

Í dómi Hæstaréttar segir m.a. um háttsemi ákærða: „Brot ákærða eru stórfelld og alvarlegs eðlis. Ákærði misnotaði aðstöðu sína og trúnaðartraust tveggja ungra stjúpdætra sinna um langan tíma. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin *fangelsi í tvö ár*.“

Dómur Hæstaréttar frá 5. des. 1996 (mál nr. 339/1996). Ákærði (á þrítugsaldri) dæmdur fyrir kynferðisbrot gagnvart dóttur sambýliskonu sinnar, er hún var á 5. og 6. aldursári. Lét hann telpuna í nokkur skipti fara höndum um getnaðarlim sinn og fróa sér og varð honum við það sáðfall. Atferli ákærða var talið varða við 1.

mgr. 201. gr. og 1. ml. 1. mgr. 202. gr. alm. hgl., sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 40/1992. Í dómi héraðsdóms segir m.a.: „Brot ákærða eru alvarlegs eðlis og þegar til þess er litið að hann m.a. misnotaði aðstöðu sína og trúnaðartraust ungs sambúðarbarns þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin *12 mánaða fangelsi*.“ (Ákærði var einnig ákærður og dæmdur fyrir tilraun til rangs framburðar fyrir lögreglu og dómi). Hæstiréttur staðfesti refsíákvörðun héraðsdóms.¹⁸

2.5 Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum yngri en 14 ára, sbr. 1. mgr. 202. gr. alm. hgl.

H 1994:639. Ákærði (um þrítugt) dæmdur fyrir kynferðisbrot gagnvart fjórum drengjum á aldrinum 9 - 12 ára, sbr. 1. og 2. ml. 1. mgr. 202. gr. alm. hgl., sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992. Brotin fólust m.a. í því að hann fór höndum um getnaðarlimi drengjanna, tók lim eins þeirra í munn sér, handlék kynfæri sín í viðurvist þeirra og fróaði sér. Dæmdur í *10 mánaða fangelsi*.

Fyrir hönd eins drengsins var farið fram á 2.000.000 kr. í miskabætur. Í héraði voru þær hæfilega ákveðnar 200.000 kr.

H 1994:1408. Ákærði (þrítugur) dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn 7 ára gamalli stúlku, sbr. 1. ml. 1. mgr. 202. gr. alm. hgl., sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992. Brotið fólst í því að hafa í eitt skipti haft kynferðismök við telpuna á heimili hennar, þar sem ákærði gætti hennar, og lét ákærði getnaðarlim sinn nema við kynfæri hennar, þar sem hún lá á dýnu á gólfinu með buxur niður um sig. Dæmdur í *átta mánaða fangelsi*.

H 1995:1474. Ákærði (61 árs) dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn tveimur sex ára gömlum stúlkum samkvæmt síðari málslíð 1. mgr. 202. gr. alm. hgl., sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992. Brot hans fólst í því að hafa á heimili sínu sýnt þeim kynferðislega áreitni með því að draga buxur og nærbuxur telpunnar X niður á ökkla og sleikt á henni kynfærin og kysst telpuna Y á munninn með blautum vörum og knúsað hana tvisvar. Hlaut ákærði *7 mánaða fangelsi, en 5 þeirra voru skilorðsbundnir í 3 ár*.

Fyrir hönd telpnanna X og Y var gerð krafa um miskabætur að fjárhæð 750.000 kr. hvorri þeirra til handa. Dómurinn taldi hæfilegar bætur til X nema 150.000 kr. og til handa Y 100.000 kr.

¹⁸ Í *H 1994:2098* var maður ákærður fyrir að misnota kynferðislega tvær stjúpdaður sínar. Í Hæstarétti var dómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað heim til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju, þar sem talið var að svo þýðingarmikil gögn hefði vantað í málið, til að hægt væri að meta sönnunargildi munnlegs framburðar kæranda og ákærða, að héraðsdómari hefði ekki átt að leggja dóm á það án þeirra.

H 1995:1480. Ákærði (70 ára) dæmdur fyrir að hafa áreitt 11 ára gamlan dreng í fimm skipti, sbr. 2. ml. 1. mgr. 202. gr. alm. hgl., sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992. Brot hans fólust í því að hafa frá því í júlilok þar til kringum 20. ágúst 1994 í skúr fimm sinnum sýnt drengnum kynferðislega áreitni, með því að káfa á kynfærum hans utan klæða, látið kynfæri sín koma við kynfæri og rass drengsins í gegnum fötin, kysst hann á munninn og einu sinni farið með hönd niður um skyrtuhálmál drengsins og strokið niður á maga hans og upp aftur. Í dómi héraðsdóms kemur fram að ákærði sé samkynhneigður og þó að hann hafi verið í hjónabandi og átt börn með konu sinni, hafi hann alla tíð haft litla kynferðislöngun til kvenna. Þá kom fram í gögnum málsins að ákærði hefði orðið uppvís að kynferðissamböndum við unga pilta á aldrinum 11 - 15 ára frá árinu 1968. Í máli sem upp kom 1986 og því sem hér um ræðir var um að ræða ókynþroska drengi. Ákærði hafði áður hlotið dóm fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Var hann dæmdur í *10 mánaða fangelsi*.

2.6 Brot gegn ungmennum á aldrinum 14 - 16 ára, sbr. 2. mgr. 202. gr. alm. hgl.

H 1994:1230. Ákærði (63 ára), sem var heimilisvinur móður X, var dæmdur fyrir að hafa tælt piltinn X (15 ára) til kynferðismaka á heimili sínu með því að veita honum áfengi og lofa honum peningagreiðslu fyrir. Athöfnin fólst í því að ákærði sleikti endaparm piltsins og fróaði sjálfum sér um leið. Ákærði var sakfelldur fyrir brot á áfengislöggjöf og 2. mgr. 202. gr. alm. hgl., sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992. Ákærði hafði tvisvar sinnum áður verið dæmdur fyrir skírlífisbrot, þ.e. 1969 og 1972. Þá var hann sakfelldur fyrir kynmök við tvo pilta, 7 ára og 15 ára, og ósæmilega hegðun við þann þriðja, 8 ára, í öllum tilvikum í herbergi sínu. Þeim elsta veitti hann áfengi svo að hann varð ölvaður, lagðist ofan á hann, fór um hann höndum, kyssti hann og reyndi að tæla hann til kynmaka. Eftir síðari dóminn var ákærði vanaður. Dæmdur í *8 mánaða fangelsi*.

2.7 Brot gegn blygðunarsemi, sbr. 209. gr. alm. hgl.

H 1995:562. Ákærði (23 ára) var dæmdur fyrir kynferðisbrot og voru tilvikin tvö. Í annað skiptið hafði hann tekið út getnaðarlim sinn og farið höndum um hann í viðurvist telpnanna A og B, sem voru 6 ára gamlar, og drengsins C sem var 3 ára, en ákærði hafði fengið börnin upp í bifreið sína undir því yfirskini að þau ættu að vísa honum til vegar. Í hitt skiptið fékk hann 8 ára gamla stúlku til að koma upp í bílinn til sín, sýndi henni klámblað og tók út á sér getnaðarliminn og fór höndum um hann. Í

dómi héraðsdóms kemur fram að ákærði sjálfur varð fórnarlamb kynferðislegs ofbeldis á unglingsárunum. Um það segir í dóminum m.a.: „Vafalaust markaði það djúp spor í sálarlíf K..., að hann varð fórnarlamb kynferðislegs ofbeldis Steingríms Njálssonar á unglingsárum. Vegna þess hefur hann fyllst skömm, sjálfsefasemdum og heift. Auk þess hefur hann öðlast vantraust til annarra og fundið sig óöruggan í tilverunni. Þó að hann hafi getað sagt frá ofbeldinu á sínum tíma, fer því fjarri, að hann hafi fengið viðeigandi andlegan stuðning og úrlausn sinna mála, enda hefur slík hjálp varla staðið til boða á þeim tíma.“

Héraðsdómur dæmdi ákærða til að sæta *fangelsi í 9 mánuði, skilorðsbundið í 5 ár*. Þrjú fyrstu þeirra skyldi ákærði sæta umsjón einstakra manna og þá í því skyni að umsjónarmaðurinn eða umsjónarmennirnir leiðbeini honum og veiti honum ráðleggingar í vandamálum hans.

Ákærvaldið skaut héraðsdómi til Hæstaréttar til þyngingar á refsingu, en jafnframt til endurskoðunar á ákvörðun um skilorð. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Í héraðsdómi er gerð ýtarleg grein fyrir skýrslum sérfræðinga um hagi ákærða og þá erfiðleika, sem hann hefur átt við að etja og tengjast atburðum á unglingsárum hans. Í skýrslu dr. sálfræðings kemur meðal annars fram, að ákærði hafi lagt kapp á að leita aðstoðar hans að undanfögnu. Sálfræðingurinn telur, að ákærði geri sér grein fyrir rangri hegðan sinni í þeim tilvikum, er mál þetta varðar, og þekki betur en áður afleiðingar hennar og þá áhættuþætti, sem tengjast misgjörðum hans. Fyrir héraðsdómi lýsti sálfræðingurinn þeirri skoðun sinni, að ákærði hefði „lagt sig alvarlega fram um það að reyna að læra af þessum gerðum sínum og tileinka sér heppilegri hugsunarhátt til þess að vega á móti, að þetta gerist aftur...“ Fram er komið, að ákærði, sem nú er 24 ára að aldri, hefur verið í sambúð með konu um sex ára skeið, og eiga þau tvö börn saman, annað fimm ára og hitt mánaðargamalt. Þá mun ákærði vera í góðri atvinnu...Með hliðsjón af öllu þessu og skírskotun til forsendna héraðsdóms að öðru leyti þykir rétt að staðfesta ákvörðun hans um skilorðsbindingu refsingar ákærða.“

Krafist var miskabóta fyrir hönd einnar stúlkunnar að fjárhæð 200.000 krónur og var fallist á hana í dóminum.

H 1995:1282. Ákærði (47 ára) var dæmdur fyrir áfengis- og kynferðisbrot gegn tveimur 15 ára gömlum drengjum. Ákærði veitti drengnum X áfengi og er drengurinn var orðinn ölvaður, fróaði hann sér í viðurvist hans, þar til honum varð sáðlát, og fór höndum um getnaðarlim hans. Þá veitti hann piltinum Y eitt sinn áfengi og ók með hann í bifreið sinni, þar sem hann tók út á sér getnaðarliminn og fór höndum um hann í viðurvist piltsins og færði jafnframt hönd sína að kynfærum piltsins, sem yfirgaf bifreiðina.

Í Hæstarétti voru kynferðisbrot ákærða talin varða við 209. gr. alm. hgl., sbr. 15. gr. laga nr. 49/1992 og hann dæmdur í *5 mánaða fangelsi*

3.0 Niðurstöður

1. Þau ákvæði almennra hegningarlaga sem rakin eru í I. hluta, bera það með sér að löggjafinn lítur svo á að um alvarleg brot sé að ræða. Þetta kemur fram í því að ákvæðin gera aðeins ráð fyrir *fangelsi* sem refsitgund og er hámark refsingar all hátt. Athygli vekur þó að í ákvæðum XXII. kafla alm. hgl. sem vernda börn sérstaklega (200. - 202. gr.), er hvergi mælt fyrir um *sérstaka lágmarksrefsingu*. Þetta er þó gert í ýmsum öðrum ákvæðum laganna og má sem dæmi nefna 164. gr. (brenna), 194. gr. (nauðgun), 211. gr. (manndráp), 2. mgr. 226. gr. (frelssvipting) og 252. gr. (rán). Alvarleiki kynferðisbrota gegn börnum endurspeglast jafnframt í dómum. Þetta kemur einna skýrast fram í því að refsingar við þessum brotum eru sjaldan skilorðsbundnar. Af þeim dómum sem raktir eru hér að framan er refsing aðeins einu sinni *skilorðsbundin* að öllu leyti. Skilorðstíminn var þó ákveðinn 5 ár eða eins og hann getur lengstur orðið, sbr. 2. mgr. 57. gr. alm. hgl. Þá var dómfellda gert að sæta meðferð í þrjú ár skilorðstímans. Í öðrum dómi var refsing skilorðsbundin að hluta. Í því tilviki var skilorðstíminn ákveðinn 3 ár. Það vekur athygli í tengslum við þyngd refsidóma í þessum brotaflokkum að jafnvel í þyngstu dómunum er dæmd refsing langt undir lögmaletu refsihámarki, sbr. dóma Hæstaréttar frá 23. maí 1996 og 13. júní 1996, þar sem refsing var ákvörðuð annars vegar fangelsi í 4 ár og hins vegar í 4 ár og sex mánuði. Í báðum málunum var brot talið varða við 1. mgr. 200. og 1. mgr. 202. gr. alm. hgl., en hámarksrefsing samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu er 12 ára fangelsi. Í báðum málunum telur Hæstiréttur brotin vera „alvarleg“ og í öðru þeirra var tekið svo til orða að brotið væri „mjög alvarlegt og stórfellt“. Í því máli dæmdi héraðsdómari ákærða til að sæta fangelsi í 7 ár, en Hæstiréttur lækkaði refsinguna í 4 ár og 6 mánuði.

2. Í tilefni af skýrslu þessari var aflað upplýsinga um dómaframkvæmd síðustu ára í málum sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Samanburður af þessu tagi er afar erfiður. Málin eru jafn ólík innbyrðis og þau eru mörg, auk þess sem refsilagaákvæðin eru ekki nákvæmlega eins. Nákvæmur samanburður krefst mun ítarlegri gagnaöflunar og úrvinnslu en hér hefur verið framkvæmd. Lauslegur samanburður á dómaframkvæmd hér á landi og í nágrannalöndunum, á grundvelli þeirra upplýsinga sem aflað hefur verið, leiðir ekki í ljós augljósan mun á þyngd refsidóma í málum af þessu tagi frá einu landi til annars.

III. hluti

Ákvæði í réttarfarslögum

1.0 Ísland

1.1 Inngangur

Um rannsókn kynferðisbrota og meðferð þeirra fyrir dómi fer að lögum um meðferð opinberra mála. Þessi brotategund lýtur þannig sömu réttarfarsreglum allt frá upphafi rannsóknar og þar til dómur er uppkveðinn og opinber mál almennt. Engar sérreglur um meðferð þessara mála er að finna í lögum um meðferð opinberra mála. Þar er þó að finna nokkur ákvæði sem varða stöðu barna og ungmenna sem sakborninga eða vitna. Sé barn brotþoli hefur það stöðu vitnis við rannsókn og meðferð máls. Rétt er því að gera grein fyrir þeim reglum sem varða börn sem vitni.

1.2 Lög um meðferð opinberra mála

Í VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála er fjallað um vitnaskýrslur. Reglur kaflans eiga samkvæmt orðanna hljóðan aðeins við um töku skýrslu af vitni fyrir dómi, en sömu reglur gilda um skýrslutöku fyrir rannsóknara eftir því sem við á.

A. Yfirheyrslur hjá lögreglu

Í VIII. kafla oml. eru ítarlegar reglur um vitni. Um framkvæmd skýrslutöku eru ákvæði í 56. og 59. - 62. gr. Þá er einnig að finna í 69. gr. laganna ákvæði um skýrslutöku rannsóknara af sakborningi og vitnum. Í þessum ákvæðum er ekki að finna fyrirmæli sem varða börn sérstaklega. Þó segir í 57. gr. að dómari meti það hverju sinni hvort barn hefur náð þeim þroska að það beri slíkt skynbragð á málsatvik að vitnisburður þess um þau skipti máli.

Samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknarlögreglu ríkisins gilda nokkrar sérstakar verklagsreglur varðandi yfirheyrslur yfir börnum sem grunur leikur á að hafi verið misnotuð kynferðislega. Undantekningarlítið tekur lögreglan sjálfstæða skýrslu af börnum í tilvikum sem þessum. Oftast berst vitneskja um mál af þessu tagi fyrst til barnaverndarnefnda. Fulltrúi barnaverndarnefndar tekur þá skýrslu af barni. Í einstaka tilfellum, þegar slíkar skýrslur eru vel og vandlega unnar, trúverðugar og greinargóðar, hefur rannsóknarlögreglan ekki talið nauðsynlegt að taka lögregluskýrslu af barninu.

a) Þegar um ung börn er að ræða er meginreglan sú að þau eru yfirheyrð í sérstöku herbergi sem er að finna í húsakynnum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, sem er sérstaklega útbúið til þessara nota. Í framkvæmd er ekki miðað við tiltekinn aldur heldur er reynt að meta þetta eftir þroska barns og aðstæðum hverju sinni. Eldri börn eru yfirheyrð í húsakynnum Rannsóknarlögreglu ríkisins á sama hátt og önnur vitni, en skýrsla þeirra er að jafnaði hljóðrituð.

b) Fulltrúi barnaverndarnefndar er að kröfu rannsóknarlögreglunnar undantekningarlaust viðstaddur yfirheyrslu. Þetta er í samræmi við fyrirmæli 14. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992. Á þessu er einnig hnykkt í handbók Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem hefur m.a. að geyma leiðbeiningar nr. 4101 frá 19. apríl 1994, er varða kynferðisafbrot gegn börnum, sbr. 4. kafla 1. gr.

c) Við yfirheyrslu ungra barna og barna sem eiga erfitt með að tjá sig leitar rannsóknarlögreglan stundum eftir aðstoð sérfræðinga við yfirheyrsluna, s.s. til barnasálfræðinga sem hafa reynslu af því að vinna með börn sem fórnarlömb kynferðisbrota. Lögreglan stjórnar yfirheyrslunni, en sérfræðingurinn annast hana. Þetta er í samræmi við 4. kafla 2. gr. leiðbeininga Rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 4101.

d) Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. oml. hefur verjandi sakbornings heimild til að vera viðstaddur yfirheyrslur annarra í máli sakbornings ef það þykir hættulaust vegna rannsóknar málsins. Við yfirheyrslur barna í þeim málum sem hér um ræðir er framkvæmdin sú að talsmaður sakbornings er yfirleitt ekki viðstaddur, nema hann hafi sérstaklega óskað eftir því. Þegar barn er yfirheyrt í húsnæði Félagsmálastofnunar getur talsmaðurinn fylgst með yfirheyrslu í gegnum gler og getur þá óskað eftir því við lögreglu að tiltekna spurningar verði lagðar fyrir barnið.

Ein af ástæðum þess að talsmaður sakbornings er ekki viðstaddur skýrslutöku barns er sú að í framkvæmd er ekki tekin skýrsla af sakborningi fyrr en skýrslur hafa verið teknar af vitnum. Hann hefur því venjulega á því stigi þegar barn er yfirheyrt ekki öðlast stöðu sakaðs manns með þeim réttindum sem því fylgja, s.s. réttinum til að fá tilnefndan réttargæslumann, sbr. 36. gr. oml, eða til að ráða sér talsmann, sbr. 37. gr. oml. Hafi talsmaður sakbornings ekki verið viðstaddur skýrslutöku vitna getur hann eftir að hann hefur kynnt sér framburði þeirra farið fram á að barnið verið yfirheyrt aftur og að fyrir það verði lagðar ákveðnar spurningar. Er við því orðið af hálfu rannsóknarlögreglunnar. Fram kemur í leiðbeiningum Rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 4101 (4. kafli, 4. gr.) að stefna beri að því að gefa verjanda grunaðs manns

tækifæri til að fylgjast með hvernig skýrslutakan fer fram og að verjandi geti gert athugasemdir við framkvæmdina og óskað þess að tiltekna spurningar verði lagðar fyrir barn. Þá kemur fram að æskilegt sé að óþekktum grunuðum sé skipaður verjandi sem ræki sama hlutverk og verjandi grunaðs manns gerir. Á þetta hefur reynt í störfum Rannsóknarlögreglu ríkisins.

e) Í framkvæmd er reynt að forðast að foreldrar séu viðstaddir yfirheyrslur barnanna. Ástæðan er sú að litið er á þá sem vitni í málinu, en samkvæmt 3. mgr. 69. gr. oml. skal yfirheyra hvert vitni fyrir sig.

f) Fram kemur í 2. ml. 1. mgr. 72. gr. oml. að þegar sérstaklega standi á, svo sem við yfirheyrslu barns, sé rannsóknara heimilt að hljóðrita skýrslu vitnis eða taka hana upp á myndband. Í framkvæmd eru skýrslur barna yfirleitt hljóðritaðar og teknar upp á myndband, en stundum látið við það sitja að skrá framburð elstu barnanna. Þau eru síðan látin lesa skýrsluna yfir og undirrita að viðstöddum fulltrúa barnaverndarnefndar. Fram kemur í leiðbeiningum Rannsóknarlögreglu ríkisins (4. kafla, 3. gr.) að stefna beri að því í málum af þessu tagi að hljóðrita skýrslutöku undantekningarlaust og taka hana jafnframt upp á myndband sé þess kostur.

g) Í 1. mgr. 74. gr. oml. er m.a. að finna heimild fyrir rannsóknara máls til að snúa sér beint til dómara með beiðni um yfirheyrslu sem nauðsynleg þykir vegna rannsóknar máls. Nefnir lagaákvæðið m.a. sem dæmi um slíkt tilvik þegar æskilegt þykir að taka skýrslu af vitni þegar í stað, s.s. ef um börn er að ræða. Þessi heimild er ekki notuð í framkvæmd við rannsókn kynferðisbrotamála gegn börnum.

h) Í lögum um meðferð opinberra mála er ekki að finna neinar sérreglur um málshraða varðandi kynferðisbrot gegn börnum. Í framkvæmd er þó bæði hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og hjá ríkissaksóknara reynt að hraða þessum málum öðrum fremur. Í skýrslu dómsmálaráðherra um kynferðis- og sifskaparbrotamál sem lögð var fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995-1996 kemur m.a. eftirfarandi fram:¹⁹

Ef litið er til meðferðar kynferðisbrotamála hjá ríkissaksóknara kemur í ljós að í flestum málum er ákæra gefin út innan mánaðar frá því að mál berst frá lögreglu. Þó eru undantekningar frá þessu því að í sumum tilvikum er ákæra gefin út innan viku frá því að mál berst, en einnig líður lengri tími í sumum tilvikum. Á allra síðustu árum hefur þeim málum

¹⁹ 245. mál. Þskj. 1131.

fjölgað nokkuð þar sem ákærur eru gefnar út aðeins nokkrum dögum eftir að mál berast ríkissaksóknara.

B. Yfirheyrslur fyrir dómi

Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er öllum sem orðnir eru 15 ára, lúta íslenskri lögsögu og eru hvorki aðilar að máli né fyrirvarsmenn aðila, skylt að koma fyrir dóm og bera þar vitni. Sé óskað eftir því að barn yngra en 15 ára gefi vitnisburð sinn í máli, er það lagt í hendur dómarans að meta hvort barnið hafi náð þeim þroska að það beri slíkt skynbragð á málsatvik að vitnisburður þess um þau skipti máli, sbr. 57. gr. oml. og fyrri málslíð 2. mgr. 51. gr. laga um meðferð einkamála. Ekki er heimilt að láta barn undir 15 ára aldri heitfesta framburð sinn, sbr. 4. mgr. 60. gr. oml.

Við yfirheyrslu barna fyrir dómi í kynferðisbrotamálum koma eftirfarandi reglur laga um meðferð opinberra mála til athugunar:

a) Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. er dómara heimilt að heyja dómþing á öðrum stöðum en á reglulegum þingstöðum og í dómsölum ef þörf er á. Ákvæði þessu er stundum beitt þegar yfirheyrslur yfir börnum fara fram og eru skýrslur af þeim oft teknar á skrifstofu dómara eða í öðrum hentugum herbergjum. Með því móti er reynt að stuðla að því að skýrsla sé tekin af barni á stað þar sem umhverfið er eðlilegra og afslappaðra en í dómsal og reynt að draga þar með úr spennu og kvíða hjá barninu. Þess má geta að í húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur er unnið að því að innrétta sérstakt herbergi sem gert er ráð fyrir að notað verði við yfirheyrslur af þessu tagi.

b) Í 1. ml. 1. mgr. 8. gr. kemur fram sú almenna regla að þinghöld skuli háð í heyranda hljóði og er það í samræmi við meginregluna um að málsmeðferð í opinberum málum skuli vera opinber. Dómari hefur þó ákveðnar heimildir til að ákveða að þinghald skuli fara fram fyrir luktum dyrum, s.s. til hlífðar vitnum, brotapolum eða öðrum er málið varðar eða af velsæmisástæðum. Má nánast fullyrða að dómarar nýti sér þessa heimild undantekningarlaust í málum sem varða kynferðisbrot gegn börnum.

c) Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála er meginreglan sú að sakborningur á rétt á því að vera viðstaddur sönnunarfærslu fyrir dómi. Undanþágu frá þessari reglu er að finna í 6. mgr. 59. gr., en samkvæmt henni getur dómari

ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi á meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist, og dómari telur að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til þyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess. Heimild þessi er ávallt notuð í málum er varða kynferðisbrot gegn börnum.

d) Í 1. mgr. 15. gr. er að finna heimild til að hljóðrita framburð vitnis eða taka upp á myndband. Engri samræmdri framkvæmd er fyrir að fara í þessu efni og er það undir ákvörðun einstakra dómara komið hverju sinni.

1.3 Lög um vernd barna og ungmenna

Í lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995 eru m.a. ákvæði sem lúta að meðferð mála sem upp koma og varða börn eða ungmenni. Tilgangurinn með þeim er að vernda börn og grípa til aðgerða ef heilsu þeirra er talin hætta búin. Hér verður greint frá helstu ákvæðum barnaverndarlaga sem skipta máli þegar til meðferðar er mál er varðar ætlað kynferðisbrot gegn barni.

Í 14. gr. er fjallað um samskipti lögreglu og barnaverndarnefnda í þeim tilvikum m.a. þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn gegn barni. Í tilfellum sem þessum er hlutverk lögreglu að gæta rannsóknarhagsmuna, þ.e. að sjá til þess að mál sé upplýst, en hlutverk barnaverndarnefndar að grípa til nauðsynlegra aðgerða barni til verndar, ef þörf er talin á.

Í 1. mgr. 14. gr. er m.a. fjallað um tilkynningarskyldu lögreglu, þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn gegn barni eða ungmenni. Skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um fram komna kæru og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn máls. Þá segir í 2. mgr. að lögregla skuli gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan skýrslutöku af barni. Þá getur lögreglan krafist þess telji hún þörf á. Í framkvæmd er fulltrúi barnaverndarnefndar ávallt viðstaddur skýrslutöku af barni sem fram fer á vegum Rannsóknarlögreglu ríkisins eins og fyrr segir. Ákærandi ber sömu skyldur og lögreglan þegar mál eru til meðferðar fyrir í dómi og í 3. mgr. kemur fram að honum beri að tilkynna barnaverndarnefnd þegar skýrsla er tekin af barni fyrir dómi og er barnaverndarnefnd heimilt að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan. Þessi heimild er sjaldan notuð. Önnur og þriðja málsgrein 14. gr. eru að því leyti víðtækari en sú fyrsta að þær taka til yfirheyrslna barna almennt, en ekki bara í þeim tilvikum þegar þau hafa sjálf framið refsiverðan verknað eða verið þolendur slíks verknaðar.

Í leiðbeiningum Rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 4101 er lögð rík áhersla á samvinnu milli lögreglu og barnaverndar- og heilbrigðisyfirvalda við rannsókn mála er varða kynferðisbrot gegn börnum. Þar er lögð áhersla á að lögregla nýti eftir

föngum þá sérfræðipækingu sem þessi yfirvöld búa yfir. Jafnframt verði leitast við að miðla upplýsingum um málsatvik þannig að þær stofnanir sem vinna saman geti tekið nauðsynlegar ákvarðanir í þágu barnsins.

2.0 Noregur

2.1 Inngangur

Það var fyrst árið 1926 sem lögleidd voru sérstök ákvæði um vitnisburð barna í kynferðisbrotamálum í Noregi og þau felld inn í lög um meðferð opinberra mála sem þá voru frá 1887. Áður giltu sömu reglur varðandi börn sem vitni og giltu um aðra, að öðru leyti en því að ekki var heimilt að láta þau vinna eið að framburði sínum.²⁰ Breytingin laut að því að vernda börn yngri en 16 ára, sem voru vitni í kynferðisbrotamálum, á þann hátt að þau þyrftu ekki að gefa skýrslu fyrir rétti við aðalmeðferð máls. Þess í stað skyldi dómari yfirheyra barn utan réttar og færa framburð þess til bókar, en lesa hann síðan upp við aðalmeðferðina. Einungis í undantekningartilvikum skyldi yfirheyra barn við aðalmeðferð. Var talið að þessi háttur á skýrslugjöf væri til þess fallinn að draga úr óþægindum barns og auðvelda því að tjá sig.

Sérreglurnar um vitnaleiðslur barna frá 1926 stóðu óhaggaðar þar til ný lög um meðferð opinberra mála tóku gildi; lov om rettergangsmåten i straffesaker nr. 25 frá 22. maí 1981. Með þeim voru ýmsar breytingar gerðar á þeim ákvæðum er vörðuðu vitnaleiðslur barna í kynferðisbrotamálum og verður þeim mikilvægustu lýst hér á eftir.

Norska dómsmálaráðuneytið gaf þann 28. júní 1985 út leiðbeiningar um framkvæmd ákærvalds, almennt nefndar „Påtaleinstruksen“ (saksóknarreglur). Þar er m.a. að finna mikilvægar leiðbeiningar um meðferð mála er varða börn og ungmenni, annars vegar í þeim tilfellum þegar börn eru grunuð um að hafa framið refsiverða verknaði og hins vegar í þeim tilvikum þegar þau eru brotþolar. Þá er einnig að finna almenn ákvæði er varða réttarstöðu barna sem vitna.

2.2 Ákvæði norskra laga um réttarstöðu barna, sem hafa verið þolendur kynferðisbrota

Í 10. kafla norsku laganna um meðferð opinberra mála er fjallað um vitni. Samkvæmt orðanna hljóðan eiga ákvæði kaflans einungis við um vitnaleiðslur fyrir

²⁰ Andenæs Johs.: Avhør av barn som vitner i straffesaker. Afmælisrit helgað Ármanni Snævarr, Rvík 1989, bls. 60.

dómi, en sömu reglur gilda um skýrslutökur af vitnum við rannsókn máls eftir því sem við á, sbr. 234. gr.

a) Þegar yfirheyra þarf barn yngra en 14 ára, sem grunur leikur á að hafi verið misnotað kynferðislega, ber lögreglu ávallt að leita til dómara með beiðni um yfirheyrslu, sbr. 2. mgr. 234. gr. og 239. gr. norsku réttarfarslaganna. Hér er í reynd um yfirheyrslu á rannsóknarstigi að ræða, en til að koma í veg fyrir að endurtaka þurfi yfirheyrsluna við aðalmeðferð málsins er gert ráð fyrir atbeina dómara strax á þessu stigi. Frá þessu er vikið í einstaka tilvikum ef ekki næst til dómara og talin er þörf á að skýrsla sé tekin án tafar.

Ákvæði 2. mgr. 234. gr. hljóðar svo:

Avhør av vitne under 14 år i sak om forbrytelse eller forseelse mot sedelighet bør fortinnsvis begjæres foretatt etter reglene i § 239. Gjentatt avhøring skal så vidt mulig unngås.

Ákvæðið er á því byggt að forðast beri eins og mögulegt er að endurtaka yfirheyrslu yfir barni.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd yfirheyrslunnar hjá dómara er að finna í 239. gr. Þar segir:

Ved avhør av vitne under 14 år i sak om forbrytelse eller forseelse mot sedelighet skal dommeren ta imot forklaringen utenfor rettsmøte, når han finner det ønskelig av hensyn til barnet eller av andre grunner. Han kan i så fall tilkalle en særlig skikket person til å bistå ved avhøret. Når det er mulig, og ikke hensynet til barnet eller formålet med forklaringen taler mot det, skal forklaringen tas opp på videokassett eller på lydband.

Samme fremgangsmåte kan brukes også i saker om andre straffbare forhold når hensynet til barnet tilsier det.

Kongen kan gi nærmere regler om fremgangsmåten ved avhør utenfor rettsmøte.

Samkvæmt 1. ml. 1. mgr. skal dómari yfirheyra barn yngra en 14 ára utan réttar þegar hann telur það æskilegt með tilliti til barnsins eða af öðrum ástæðum. Í framkvæmd er þessi heimild nánast alltaf notuð. Þegar yfirheyrsla fer fram með þessum hætti eiga aðilar máls, þ.e. sækjandi, sakborningur og verjandi hans, ekki rétt á að vera viðstaddir. Það er dómari sem ákveður hvort hann heimilar þeim að vera á

staðnum og í framkvæmd hefur það almennt ekki verið leyft.²¹ Með tilkomu hljóð- og myndbandsupptaka hefur framkvæmdin breyst að þessu leyti og verður vikið að því hér á eftir.

Þá hefur dómari samkvæmt 2. ml. 1. mgr. heimild til þess að leita til sérfræðinga í þessum tilvikum og fá þá til að aðstoða sig við yfirheyrsluna. Hér er átt við þá sem hafa sérstaka reynslu af að vinna með börnum, s.s. lækna, sálfræðinga eða lögreglumenn. Dómari getur látið þetta sérfróða fólk annast yfirheyrsluna að öllu leyti ef hann telur það henta best. Þá segir í 3. ml. 1. mgr. að verði því við komið skuli taka framburð barns upp á myndband eða hljóðband, nema hagsmunir þess mæli því í gegn eða tilgangurinn með yfirheyrslunni að öðru leyti. Samkvæmt 2. mgr. 128. gr. þykir rétt að foreldrar barns eða annar forráðamaður sé viðstaddur, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Í 8. kafla 9. gr. 2. mgr. saksóknarreglnanna kemur fram að það sé hlutverk ákærvaldsins að setja fram kröfu um að yfirheyrsla barns fari fram utan réttar. Samkvæmt 1. mgr. 239. gr. er það dómari sem metur hvort rétt þyki að yfirheyrsla barns fari fram utan réttar og metur hann þörfina á því óháð kröfu aðila þar að lútandi.²²

Dómaranum (og aðstoðarmanni hans ef því er að skipta) er rétt en ekki skylt að skrá niður mat sitt á vitnisburði barns, þ.e. hvort hann telur það hafa náð þeim þroska að það beri slíkt skynbragð á málsatvik að vitnisburður þess um þau skipti máli. Þegar skýrslutaka hefur verið hljóðrituð eða tekin upp á myndband dregur úr þörfinni á þessu.

Í 298. gr. er einnig að finna ákvæði sem lýtur að yfirheyrslum yfir börnum sem grunur leikur á að hafi verið þolendur kynferðisbrota, en þar segir:

I sak om forbrytelse eller forseelse mot sedelighet skal opplesning, videoopptak eller lydopptak av en forklaring som et vitne under 14 år har gitt for en domstol eller etter reglene i § 239, tre i stedet for personlig avhør, når ikke retten av særlige grunner finner at vitnet bør gi forklaring under hovedforhandlingen.

Samme fremgangsmåte kan brukes også i saker om andre straffbare forhold når hensynet til barnet taler for det.

Þegar barn yngra en 14 ára hefur verið yfirheyrt af dómara á rannsóknarstigi máls, er meginreglan sú að ekki skuli yfirheyra það að nýju við aðalmeðferð. Við

²¹ Holgersen Gudrun og Tellefsen Marianne: Barnet og loven. Oslo 1995, bls. 510.

²² Sama heimild, bls. 510 - 511.

aðalmeðferðina er látið nægja að lesa upp bókun af framburði barns eða, hafi myndbands- eða hljóðupptaka átt sér stað, er horft/hlustað á hana. Einungis í undantekningartilfellum skal kalla barn fyrir réttinn undir aðalmeðferð málsins og yfirheyra það að nýju.

Öll þessi ákvæði, þ.e. 234., 239. og 298. gr., fela í sér frávik frá kröfum réttarfarslaga um milliliðalausá sönnunarfærslu í sakamálum fyrir dómi. Þeir hagsmunir sem þarna búa að baki eru fyrst og fremst þeir að hlífa barninu við endurteknum yfirheyrslum.

b) Sú almenna regla gildir í Noregi, þegar börn yngri en 16 ára eru yfirheyrð sem vitni í sakamáli, að foreldri þess (eða annar forráðamaður) skal vera viðstatt því til stuðnings, nema viðkomandi sé aðili máls eða sérstakar ástæður mæla gegn því, sbr. 2. mgr. 128. gr. Sé um það að ræða að forráðamaður barns liggur undir grun í máli, ber að skipa barninu sérstakan lögráðamann til að aðstoða það.²³

c) Í 5. kafla 2. gr. saksóknarreglnanna kemur m.a. fram að lögregla skuli tilkynna barnaverndaryfirvöldum þegar hún fær mál til meðferðar er varðar ætlað kynferðisbrot gegn barni. Þá er í 8. kafla 9. gr. sérákvæði er varða yfirheyrslu vitna yngri en 16 ára. Þar segir:

Når et barn under 16 år avhøres som vitne, bør barnets foreldre, en foresatt eller en annan som barnet har tillit til gis anledning til å være til stede under avhøret. Det gjelder ikke dersom vedkommende selv er anmeldt i saken eller andre grunner taler mot det. Er mistenkte i saken en av barnets foreldre eller foresatte, bør det som regel sørges for at det oppnevnes setteverge for å bistå barnet ved afhøret.

I en sedelighetssak bør avhør av vitne under 14 år fortinnsvi begjæres foretatt av dommeren utenfor rettsmøte etter reglene i straffeprosessloven § 239. Samme fremgangsmåte bør også overveies i saker om andre straffbare forhold når hensynet til barnet tilsier det. Gjentatt avhør skal i slike tilfeller så vidt mulig unngås.

Ved politiets avhør av barn under 16 år må det særlig legges vekt på at avhøret finner sted i barnets hjemmemiljø. I sedelighetssaker bør piker så vidt mulig avhøres av en kvinne. Kan dette ikke skje, bør avhøret foretas i nærvær av en kvinne dersom barnets foreldre eller foresatte ikke kan være til stede.

²³ Sbr. påtaleinstruksen, § 8 - 9 1. mgr. 3. ml.

Ákvæði saksóknarreglnanna eru í fullu samræmi við löginn um meðferð opinberra mála. Þau eru þó heldur fyllri og útlista nánar hvaða stefnu beri að taka við þessar aðstæður. Athyglisvert er hversu vel er reynt að mæta þörfum barnsins og má í því tilliti sérstaklega nefna ákvæðið um að reynt skuli af fremsta megni að láta konu yfirheyra stúlkur og sé það ekki hægt skuli a.m.k. hafa konu viðstadda skýrslutökuna ef foreldrar barnsins eða aðrir forráðamenn geta ekki verið til staðar.

d) Samkvæmt norskum lögum eiga þolendur ofbeldisbrota og ákveðinna tegunda kynferðisbrota rétt á því að fá tilnefndan löglærðan talsmann á kostnað ríkisins, sbr. 107. gr. a - 107. gr. d, sem gætir hagsmuna þeirra undir rekstri málsins og er þeim til aðstoðar og stuðnings á meðan á málsmeðferð stendur. Þetta gildir m.a. þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum. Rökin að baki þessu eru alvarlegar afleiðingar þessara tegunda brota á brotapolann.²⁴ Með þessu er stuðlað að því að auðvelda brotþola að komast í gegnum oft erfitt og sársaukafullt ferli sem málsmeðferðin öll er í flestum tilvikum og gæta hagsmuna hans. Í 8. kafla 8. gr. saksóknarreglnanna er sértakt ákvæði er varðar rétt brotþola til löglærðs talsmanns. Þar segir:

I saker om overtredelse av straffeloven § 192, § 193, § 194, § 195, § 196 skal fornærmede før forklaring gis, gjøres kjent med sin rett til å få bistand av advokat på det offentliges bekostning, jf straffeprosessloven kap 9 a. Fornærmede skal også gjøres kjent med sin rett til å vente med å forklare seg til advokaten er til stede.

Fornærmede skal spörres om det er en bestemt person som ønskes oppnevnt som advokat i saken. Dersom fornærmede ønsker en advokat med kontor utenfor rettskretsen, skal det opplyses af fornærmede i tilfelle vil kunne måtte betale merutgiftene ved dette.

Dersom det må antas at fornærmede vil komme inn under ordningen med fri rettshjelp i saker om kvinnemishandling, skal fornærmede gjøres kjent med dette og hva ordningen går ut på.

Det skal gå fram av rapporten om fornærmede er gitt slik informasjon som nevnt i foregående ledd.

Í réttarfarslöggunum er ekki kveðið á um rétt talsmanns brotþola sem skipaður er með þessum hætti til að vera viðstaddur yfirheyrslu barns utan þinghalds. Í reglugerð segir um þetta að tilkynna skuli talsmanni barnsins um yfirheyrsluna og gefa honum kost á að vera viðstaddur. Hann skuli síðan meta þörfina á því hvort

²⁴Andenæs Johs.: Norsk straffeprosess, I. bindi, Oslo 1984, bls. 80 - 81.

nærvera hans sé nauðsynleg með tilliti til þeirrar meginreglu að eins fái og mögulegt er skuli vera viðstaddir yfirheyrslu barns utan réttar til að hún geti farið fram á eins eðlilegan og óformlegan hátt og hægt er. Liggja þar að baki hagsmunir barnsins og rannsóknarhagsmunir.²⁵

2.3 Um framkvæmd skýrslutöku

Í grein Johannes Andenæs „avhør av barn som vitner i straffesaker“, sem er að finna í Ármannsbók, afmælisriti helgað Ármanni Snævarr frá árinu 1989, er lýst framkvæmd yfirheyrslu barna í Osló. Þar kemur m.a. fram að á lögreglustöðinni í Osló sé að finna sérstakt herbergi, innréttað í þeim tilgangi að þar fari fram yfirheyrslur á börnum. Þar er kvikmyndatökubúnaður, spegilgler sem sést aðeins í gegnum inn í herbergið, brúður, leikföng o. fl. Húsgögnin taka einnig mið af börnum. Herbergið er notað bæði af lögreglu og dómstólum.

Venjulega felur dómari barnasálfræðingi eða kvenlögregluþjóni að framkvæma yfirheyrslu. Sá sem það gerir reynir venjulega að kynnast barninu, áður en yfirheyrslan fer fram, til að vinna traust þess, en án þess að nefna það mál á nafn sem til rannsóknar er. Við yfirheyrsluna getur yfirheyrandinn yfirgefið herbergið og athugað hvort dómari vill koma að spurningum til viðbótar sem hann telur þýðingu hafa. Ekki er talið ráðlegt að dómariinn blandi sér í yfirheyrsluna, heldur láti hinn sérfróða aðstoðarmann um að spyrja.

Þegar yfirheyrsla er tekin upp á myndband og mögulegt er að horfa á hana annars staðar án þess að það valdi truflun, kemur upp sú spurning hvort leyfa eigi sakborningi og verjanda hans að fylgjast með yfirheyrslunni á skjá. Þar sem slíkt er ekki talið trufla yfirheyrsluna ætti að leyfa það og þá geta þeir óskað eftir að vitnið verði spurt frekari spurninga telji þeir þörf á. Um þetta hafa ekki verið settar sérstakar reglur í Noregi.²⁶

Í Noregi hefur það fæst í aukana að yfirheyrslur barna, bæði hjá lögreglu og dómara, séu teknar upp á myndband og hafa verið útbúin sérstök herbergi í þeim tilgangi.²⁷

3.0 Danmörk

²⁵ Andenæs Johs.: Avhør av barn.... , bls. 65.

²⁶ Sama heimild bls. 65 - 66.

²⁷ Etterforskning av incestsaker, NOU 1988:29, bls. 29.

Í 18. kafla dönsku réttarsfarslaganna, lov om rettens pleje nr. 905 frá 10. nóvember 1992, er fjallað um vitni. Í 183. gr. er fjallað um yfirheyrslu vitna fyrir dómi og í 3. mgr. hennar segir að dómari ákveði með hvaða hætti og af hverjum barn yngra en 15 ára skuli yfirheyrt. Þá hefur hann heimild til að kalla til sérfróðan aðila til að aðstoða við yfirheyrsluna eða framkvæma hana.

a) Engar sérstakar reglur er að finna í dönsku réttarsfarslögnum um yfirheyrslur barna sem grunur leikur á að hafi verið misnotuð kynferðislega. Á hinn bóginn er að finna nokkur ákvæði sem gera kleift að víkja frá þeirri meginreglu að vitni séu yfirheyrd fyrir dómi við aðalmeðferð máls. Samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 747. gr. hefur lögregla heimild til að leita atbeina dómara við rannsóknaraðgerð, telji hún það *naudsynlegt* til að tryggja sönnunargögn sem annars gætu farið forgörðum. Ríkissaksóknari hefur í leiðbeiningum til ákæranda hvatt þá til þess að nýta sér þessa heimild þegar naudsynlegt er að barn gefi skýrslu við rannsókn máls. Framburður barnsins er síðan kynntur aðilum við aðalmeðferð málsins. Þar að auki er barnið oft kallað fyrir dóminn við aðalmeðferð og það spurt nokkurra almennra spurninga í þeim tilgangi að gefa aðilum kost á að meta þroska þess og trúverðugleika án þess að barnið sé sérstaklega yfirheyrt um sakarefnið.

b) Hin síðari ár hefur ný framkvæmd rutt sér til rúms í Danmörku varðandi yfirheyrslur barna í kynferðisbrotamálum á rannsóknarstigi máls. Framkvæmdin er studd við 3. mgr. 877. gr. dönsku réttarsfarslaganna (um sönnunargildi utanréttarvottorða). Sérstök herbergi hafa verið útbúin, þar sem vitnisburður barns er tekinn upp á myndband svo fljótt sem mögulegt er eftir að grunur um að brot hafi verið framið gegn því vaknar. Talsmaður sakbornings fær að fylgjast með yfirheyrslunni á sjónvarpsskjá og getur farið fram á að vitnið verði spurt ákveðinna spurninga. Stundum er sakborningi einnig leyft að fylgjast með yfirheyrslunni á sama hátt. Upptakan af framburði barnsins er síðan notuð við aðalmeðferð málsins í stað þess að taka þá aftur skýrslu af barninu. Í fjölmörgum dómum hefur slík lögregluyfirheyrsla verið talin nægja án þess að yfirheyrsla fyrir dómi færi fram við aðalmeðferð máls. Fyrir þessu eru þó sett ákveðin skilyrði, s.s. að talsmaður sakbornings hafi verið til staðar þegar yfirheyrslan fór fram og hafi átt kost á því að koma að spurningum til þess að tryggja hagsmuni síns skjólstaðings. Þessi skilyrði eru byggð á 3. mgr. 745. gr. dönsku réttarsfarslaganna. Í U 1991.749 ØLK var móðir þriggja ungra drengja grunuð um að hafa misnotað þá kynferðislega. Við yfirheyrslur drengjanna, sem teknar voru upp á myndband, var talsmaður móðurinnar viðstaddur. Síðar beindist einnig grunur að stjúpföður drengjanna, en talsmaður hans hafði ekki verið viðstaddur skýrslutökum. Talsmaðurinn mótmælti því að myndbandsupptökurnar

yrðu teknar til greina sem sönnunargögn í máli gegn skjólstæðingi hans og var fallist á það með vísan til 3. mgr. 877. gr. Samkvæmt þessu er það ófrávíkjanlegt skilyrði að talsmaður sakbornings fái tækifæri til að fylgjast með yfirheyrslu barns og gæta þannig réttar skjólstæðings síns ef víkja á frá reglunni um milliliðalaus sönnunarfærslu fyrir dómi.

c) Í 66. kafla a er kveðið á um rétt brotaþola til að fá skipaðan löglærðan talsmann sér til aðstoðar á kostnað ríkisins þegar um kynferðisbrot eða annars konar ofbeldisbrot hefur verið að ræða. Ákvæðunum var bætt inn í réttarfarslögin árið 1980 og þau rýmkuð enn frekar árið 1988. Markmið þeirra er að auka vernd brotaþola ofbeldisbrota og styrkja stöðu þeirra.

4.0 Svíþjóð²⁸

a) Um yfirheyrslu barna er að finna sérstakar reglur í 15. - 19. gr. tilskipunar um framkvæmd frumrannsóknar (Förundersökningskungörelse) nr. 948 frá 1947.²⁹ Ákvæði 17., 18. og 19. gr. hafa hér mesta þýðingu og hljóða þær svo:

17. gr.:

Förhör med någon som är under 18 år och som är misstänkt för brott, målsägande eller vittne, skall planeras och verkställas så att det inte uppkommer fara för att den som förhörs tar skada. *Särskild varsamhet bör iaktas om förhöret rör sexuallivet.* Det bör noga tillses att uppseende inte väcks kring förhöret. Detta får inte göras mera ingående än omständigheterna kräver. Förhör bör äga rum endast en gång, såvida det inte främst med hänsyn till den som förhörs är lämpligare att hålla flera förhör.

18. gr.:

Förhör med barn bör hållas av person med särskild fallenhet för uppgiften.

19. gr.:

²⁸ Umfjöllunin byggir m.a. á upplýsingum sem fram koma í grein Johs. Andenæs: Avhør av barn..., bls. 68-69.

²⁹ Tilskipunin er birt í 23. kafla réttarfarslaganna.

Ár utsaga av barn av avgjörande betydelse för utredningen, bör, om det finnes vara av vikt med hänsyn till barnets ålder och utveckling samt brottets beskaffenhet, någon som äger särskild sakkunskap i barn- eller förhörpsykologi biträda vid förhöret eller yttra sig angående värdet av barnets utsaga.

Ljóst er að hafa skal það að markmiði að yfirheyrsla sé framkvæmd á þann hátt að sem til minnstra óþæginda verði fyrir barnið og forðast skal af fremsta megni að endurtaka yfirheyrslu. Yfirheyrslan skal framkvæmd af þeim sem sérstaklega er hæfur til að sinna verkefninu, t.d. eru stúlkur og ung börn almennt yfirheyrð af kvenkyns rannsóknurum. Þá hefur lögreglan heimild til að kveðja til sérfræðinga í barna- eða vitnasálfræði til þess að aðstoða við yfirheyrslu eða til að meta sannleiksgildi framburðar.

b) Samkvæmt sænsku réttarfarslögnum, rättegångsbalken frá 18. júlí 1942, er það dómari sem metur í hverju tilfelli fyrir sig hvort vitni sem er yngra en 15 ára skuli bera vitni fyrir dómi eða ekki. Sé barn yfirheyrt fyrir dómi gilda um það almennar reglur um vitni að öðru leyti en því að það verður ekki látið eiðfesta framburð sinn (í Noregi og Danmörku hafa verið afnumdar reglur um eiðfestingu framburðar fyrir dómi).

Í framkvæmd aftur á móti eru börn sjaldan yfirheyrð fyrir rétti undir aðalmeðferð máls. Látið er nægja að notast við yfirheyrslu þá sem fram fór undir rannsókn málsins. Heimildina til þess er að finna í 35. kafla 14. gr. réttarfarslaganna, sem heimilar að nota sem sönnunargögn upptöku framburðar sem er gefinn fyrir ákærvaldi eða lögreglu þegar kringumstæður eru með þeim hætti að þær réttlæti það. Venjulega er framburður spilaður af hljóðsnældu eða af myndbandstæki. Notkun myndbanda verður sífellt algengari. Venjulega er myndbandið sýnt og sá sem framkvæmdi yfirheyrsluna látinn gefa skýrslu.

Mjög algengt er að barnasálfræðingur eða sérfræðingur í vitnasálfræði taki þátt í eða sjái alfarið um yfirheyrslu barns. Oft á tíðum kemur hann fyrir dóm undir aðalmeðferð málsins sem sérfræðingur og lýsir því hvernig barnið kom honum fyrir sjónir og hvernig meta beri sannleiksgildi framburðar þess.

Verjandi ákærða er almennt ekki til staðar við yfirheyrslu barns á rannsóknarstigi. Reynt er að takmarka eins og hægt er þann fjölda sem er viðstaddur yfirheyrsluna. Sé framburður barns tekinn upp á myndband er verjanda sakbornings almennt leyft að fylgjast með á skjá og koma að þeim spurningum sem hann vill.

c) Réttur brotaþola í kynferðisbrotamálum til að fá aðstoð löglerðs talsmanns var lögfestur með lögum nr. 609/1988 og eru ákvæði þeirra birt í 20. kafla réttarfarslaganna.

5.0 Niðurstöður

Þegar reglur um yfirheyrslur barna og framkvæmd þeirra hér á landi eru bornar saman við reglur í nágrannalöndunum kemur í ljós að þróunin er alls staðar sú sama, þ.e. aukin áhersla er lögð á hagsmuni barnsins og að málsmeðferðin íþyngi því sem minnst. Í nágrannalöndunum kemur þetta m.a. fram í því að reynt er að komast hjá því að barn þurfi að koma fyrir dóm við aðalmeðferð máls. Til þess að stuðla að því er reynt að nota hljóð- og myndbandsupptökur í eins ríkum mæli og unnt er og vandað til yfirheyrslna á rannsóknarstigi á allan hátt, s.s. með atbeina dómara þegar á rannsóknarstigi og með því að leita eftir aðstoð sérfræðinga við yfirheyrslu.

Athugun á reglum um sérstöðu barna sem vitna og stöðu þeirra sem brotaþola og framkvæmd sem fylgt er hér á landi, leiðir í ljós að reglurnar eru óljósar og hvíla á veikum grunni, auk þess sem framkvæmd þeirra er á reiki. Ljóst er af því sem hér hefur komið fram að þessi mál hafa nokkra sérstöðu í nágrannaríkjunum, ýmist samkvæmt lögum eða í framkvæmd. Í þessu efni koma eftirtalin atriði til skoðunar:

5.1 Yfirheyrsla barna fyrir lögreglu og dómi

Í Danmörku, Svíþjóð og Noregi er reynt að haga framkvæmd reglna með þeim hætti að barn þurfi ekki að koma fyrir dóm við aðalmeðferð máls og gefa skýrslu. Hér á landi er framkvæmdin oftast sú að fyrst er skýrsla tekin af barni hjá lögreglu og svo aftur við meðferð málsins fyrir dómi. Þó hefur verið vikið frá þessu. Í einstaka tilfellum hefur lögregla látið sitja við skýrslu sem fulltrúi barnaverndarnefndar hefur tekið af barni og lögregla hefur álitnið nægilega greinargóða og vandaða til að byggja á. Þá hefur Hæstaréttur talið að víkja mætti frá kröfunni um að barn kæmi fyrir dóm og gæfi skýrslu þar við aðalmeðferð máls, sbr. H 1995:1474. Í málinu var ákært fyrir kynferðisbrot gegn tveimur sex ára stúlkubörnum. Í héraðsdómi var tekið fram að það þætti *auka á vægi* framburðar stúlkanna að skýrsla var tekin af þeim *mjög stuttu eftir að brotið átti sér stað*. Í Hæstarétti fór verjandi ákærða fram á það til vara að héraðsdómur yrði ómerktur og málinu vísað heim til nýrrar meðferðar, á þeim forsendum að nauðsyn hafi borið til þess, að börnin kæmu fyrir dóm í héraði (en

byggt hafði verið á framburði stúlkanna hjá lögreglu í héraðsdómi). Um þessa málsástæðu segir Hæstiréttur:

Í máli þessu liggur fyrir myndbandsupptaka af framburði barnanna fyrir rannsóknarlögreglu. Verjandi ákærða í héraði var viðstaddur þá yfirheyrslu og átti þess kost að koma á framfæri athugasemdum og spurningum til vitnanna. Við aðalmeðferð málsins lýsti hann yfir því fyrir hönd ákærða, að þess væri ekki krafist, að stúlkurnar yrðu yfirheyrðar fyrir dómi. Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur skoðaði myndböndin að tilhlutan héraðsdómara og mat trúverðugleika framburðar stúlkanna. Hæstaréttardómarar hafa skoðað upptökurnar. *Það er álit Hæstaréttar, að aðferðir rannsóknarlögreglu við yfirheyrslurnar séu vandaðar og engin rök séu fyrir ómerkingarkröfu ákærða.*³⁰

Í framhaldi af þessu er ástæða til þess að skoða hvort þörf sé á að setja sérstakar reglur í lög um meðferð opinberra mála, þar sem leitast yrði við að vernda börn gegn endurteknum yfirheyrslum um leið og rannsóknarhagsmunir yrðu tryggðir. Benda má á mismunandi leiðir til þess að ná þessu markmiði:

a) Settar yrðu reglur sem miðuðu að því að yfirheyrsla lögreglu, sem fram færi á rannsóknarstigi máls, yrði talin nægja þannig að barn þyrfti ekki að gefa aftur skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi. Með þessu yrði komið í veg fyrir að taka þyrfti skýrslu af barni oftar en einu sinni, nema eitthvað sérstakt kæmi til. Með því að setja reglur sem tryggja vandaða framkvæmd slíkrar yfirheyrslu væri sönnunargildi skýrslunnar ríkara og réttarstaða sakbornings tryggð. Slíkar reglur gætu m.a. falið í sér eftirfarandi:

1. Yfirheyrslan yrði ávallt tekin upp á myndband í heild, þannig að unnt væri að sýna upptökuna fyrir dómi við aðalmeðferð.

2. Aðilum, a.m.k. talsmanni sakbornings, yrði gefinn kostur á að fylgjast með skýrslutöku á sjónvarpsskjá og réttur þeirra til að koma að spurningum tryggður. Þetta gæti einnig átt við þótt sakborningur væri ókunnur. Bæri þá lögreglu að kalla til sérstakan talsmann til að gæta hagsmuna hans.

3. Mikilvægt er að rannsóknari hafi heimild til að kalla eftir aðstoð sérfræðinga við yfirheyrsluna ef hann telur þörf á. Þetta er að sjálfsögðu mikilvægara eftir því sem barn er yngra. Um þetta atriði mætti hafa samráð við barnaverndaryfirvöld.

4. Æskilegt er að slíkar yfirheyrslur fari fram í umhverfi sem er sniðið að þörfum barna, s.s. í herbergjum sem eru sérstaklega útbúin í þessu skyni.

³⁰ Skáletrun höfundar.

5. Þá þarf að taka afstöðu til þess hvort foreldrar skuli eða megi vera viðstaddir yfirheyrslu barns síns, að svo miklu leyti sem það er ekki talið vera andstætt rannsóknarhagsmunum.

b) Í öðru lagi er hægt að hugsa sér að rannsóknarar nýti sér heimild þá sem er að finna í 1. mgr. 74. gr. laga um meðferð opinberra mála og leiti ávallt til dómara með beiðni um yfirheyrslu þegar börn eiga í hlut eins og norsku reglurnar gera ráð fyrir. Um yfirheyrsluna myndu gilda sömu reglur og að ofan greinir, að öðru leyti en því að dómari myndi stjórna henni. Færa má rök fyrir því að þessi leið myndi best samræmast sjónarmiðum um réttaröryggi sakbornings.

Það sem mælir með þeirri framkvæmd sem lýst er í liðum a og b er að alla jafna má gera ráð fyrir því að skýrsla sem barn gefur á fyrri stigum málsmeðferðar sé marktækari en sú sem það gefur á síðari stigum, enda er minni barna og tímaskyn brögðult. Það verður því að telja heppilegt að við úrlausn máls sé lögð til grundvallar skýrsla sem tekin er af barni eins fljótt og mögulegt er eftir að atburðir gerðust.

Það styður ennfremur að sérstakar reglur séu settar um yfirheyrslu barna í þessum málaflokki að 1. júlí næstkomandi verður Rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður, en hún hefur rannsakað langflest kynferðisbrotamál á landinu. Þar hefur safnast á eina hendi reynsla og þekking á sérkennum þessa málaflokks. Nú þegar lögreglustjórar taka við rannsóknum mála almennt, er að sjálfsögðu mikilvægara en áður að þeir hafi skýrar reglur til að fara eftir svo að samræmi ríki í rannsóknaraðferðum þeirra.

5.2 Talsmaður brotþola

Í samanburðarlöndunum er barni sem þolanda kynferðisbrots lögmæltur réttur til löglærðs talsmanns. Hann hefur það hlutverk að aðstoða barnið á öllum stigum málsins og gæta hagsmuna þess í hvívetna, m.a. með því að setja fram bótakröfur. Hér á landi er engum slíkum rétti til að dreifa. Þó má geta þess að vísir er að slíku fyrirkomulagi við meðferð nauðgunarmála. Hefur sú framkvæmd komist á þegar meintur brotþoli leitar til neyðarmóttöku vegna nauðgunar og hann hefur ákveðið að kæra, að honum er boðin aðstoð lögmanns til að gæta hagsmuna sinna. Hefur kostnaður vegna þessa verið greiddur úr ríkissjóði. Spyrja má hvort ekki sé eðlilegt að sami háttur sé hafður á þegar um kynferðisbrot gegn börnum er að ræða og raunar hvort ekki sé eðlilegt að börn sem þolendur kynferðisbrota fái almennt hliðstæða þjónustu og fórnarlömb nauðgunar.

5.3 Málshraði

Í lögum er ekki að finna sérstakar reglur er lúta að málshraða í þessum brotaflokk. Hér á landi er almennt leitast við í framkvæmd að hraða meðferð þessara mála hjá lögreglu og ríkissaksóknara. Þar sem þetta er framkvæmdin má spyrja hvort ástæða sé til að hnykkja frekar á þessu með því að setja slíkar reglur í lög. Vegur þar þyngst að þýðingarmikil vitni í þessum málum eru börn og ungmenni. Aldur þeirra og þroski takmarkar hæfileika þeirra til að muna og til að tengja atburði saman í tíma og rúmi. Þá er tafsöm og löng málsmeðferð til þess fallin að íþyngja barni og valda því meiri skaða en orðinn er.

5.4 Undirbúningur lagabreytinga

Árið 1993 var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um að styrkja stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála.³¹ Tillagan er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sem styrki stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála.

Tillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar. Í framhaldi af því skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að undirbúa frumvarp þessa efnis. Sú nefnd er enn að störfum.

³¹ 458. mál, 116. löggjafarþing 1992 - 1993, þskj. 794.

IV. hluti

Meðferðarúrræði fyrir börn sem þolendur kynferðisbrota

Að framan hefur verið fjallað um kynferðisbrot gegn börnum frá lögfræðilegu sjónarmiði, þ.e. um ákvæði hegningarlaga sem leggja refsingu við slíkum brotum og ákvæði réttarfarslaga um rannsókn og málsmeðferð fyrir dómi. Vitað er að kynferðisbrot gegn börnum geta haft alvarlegar og langvarandi afleiðingar fyrir sálarlíf og andlegt heilbrigði þeirra.³² Frá því sjónarmiði hljóta umbætur í þessum málaflokki ekki síst að beinast að því að þessi hópur barna fái þá sérfræðilegu aðstoð, stuðning og meðferð sem þeim er nauðsynleg.

Málefni þetta kom til umræðu á Alþingi í byrjun febrúar sl. í tilefni af fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns sem beint var til félagsmálaráðherra.³³ Í fyrirspurninni var m.a. kallað eftir upplýsingum um það hvort öllum börnum, sem hafa verið misnotuð kynferðislega, væri tryggður stuðningur og meðferð af hálfu hins opinbera, annars vegar ríkis og hins vegar sveitarfélaga og hvort auka þyrfti þann stuðning og þá hvernig. Í svari félagsmálaráðherra kemur fram um þetta atriði:

Ekki er hægt að fullyrða að öllum börnum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sé tryggður stuðningur og meðferð af hálfu opinberra aðila. Búast má við að ekki færri en 50 börn þurfi árlega á sérhæfðri meðferð að halda vegna kynferðisofbeldis. Engin hópmeðferð stendur þessum börnum til boða en áfallameðferð og langtímameðferð er sjaldnast

³² Sjá t.d. *H 1995:562*. Ákærði hafði sjálfur verið þolandi kynferðisbrots í æsku. Í héraðsdómi eru raktar sálfræðiskýrslur um langvarandi áhrif slíkra brota á sálarlíf þolanda.

³³ Svar nr. 550, 1996 - 97. 121. löggjafarþing - 215. mál.

skipulögð af barnaverndarnefndum, enda eru lagaskyldur á því sviði óljósar. Þá eru biðlistar hjá barna- og unglingageðdeild Landspítalans.

Hvers konar stuðningur og meðferð eru nauðsynleg börnum sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og því er rétt að varpa ljósi á nokkur atriði. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að greina á milli langtímameðferðar og bráðameðferðar. Bráðameðferð er veitt án tafar, svonefnd „kreppu“ eða „áfallameðferð“. Hún er oft samofin málsmeðferðinni og þeirri sársaukafullu atburðarás sem henni fylgir. Langtímameðferð spannar oft áraraddir. Hún reynist ætíð nauðsynleg í alvarlegum tilvikum kynferðisofbeldis, enda er þar um að ræða stórfelldan skaða á tilfinningalífi einstaklings og fjölskyldu sem langan tíma tekur að lagfæra. Áfallameðferðina skortir yfirleitt hérlendis og lítið eða ekkert skipulag er á því hvernig langtímameðferð er veitt, sé hún veitt á annað borð.

Meðferðarúrræðin þurfa að vera fjölpætt, t.d. einstaklingsmeðferð, hópmeðferð og fjölskyldumeðferð, en oft þarfnast fórnarlambið alls þessa. Hópmeðferð barna er ekki veitt hérlendis, þ.e. kerfisbundin meðferð undir stjórn fagfólks, en sú meðferð er talin hafa úrslitabýðingu um bata barna í vissum tilvikum. Fjölskyldumeðferð er veitt hérlendis í nokkrum mæli þótt algengasta form meðferðar vegna kynferðisofbeldis sé einstaklingsmeðferð. Loks er rétt að geta þess að mikilvægt er að margir ólíkir faghópar taki þátt í þeirri meðferð sem stendur til boða.

Erfitt er að leggja mat á hversu mörg börn væru líkleg til að þiggja sérhæfða meðferð væri hún veitt hérlendis. Yfir 30 börn hafa verið fórnarlömb kynferðisofbeldis á ári að meðaltali í þeim málum sem borist hafa ríkissaksóknara. Með hliðsjón af því að barnaverndarnefndir fjalla um mál þar sem 112 börn koma við sögu má ætla að börn sem mundu færa sér í nyt sérstaka meðferð séu ekki færri en 50 á ári og er þá trúlega varlega áætlað. Séu fjölskyldur reiknaðar með má áætla að á annað hundrað manns þurfi á stuðningi og meðferð að halda á ári.

Ljóst er að sá stuðningur sem í boði er, af hálfu ríkis og sveitarfélaga, er ekki fullnægjandi og á það ekki síst við um landsbyggðina. Þessi mál eru til sérstakrar skoðunar hjá félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu og hafa átt sér stað viðræður við sérfræðinga frá barna- og unglingageðdeild Landspítalans og Stígamótum um meðferðarmál barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi.

Svar félagsmálaráðherra ber með sér að brýn þörf er á úrbótum á þessu sviði og að þessi mál eru til sérstakrar skoðunar í félagsmálaráðuneytinu.

Í þessu sambandi er rétt að gera stuttlega grein fyrir starfsemi **Stígamóta**, sem er ráðgjafar- og fræðslumiðstöð um kynferðislegt ofbeldi, en hið opinbera leggur til stóran hluta af rekstrarfé hennar.³⁴ Stígamót hófu göngu sína hinn 8. mars 1990, sem er alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Þann sama dag ári áður, höfðu verið stofnuð samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi. Markmið þeirra var að koma á fót ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem verða fyrir slíku ofbeldi. Samtökin fengu fyrst styrk frá hinu opinbera árið 1990.

Stígamót hafa nú starfað í 7 ár. Hefur komið í ljós á þeim tíma að mikil þörf er fyrir þá aðstoð sem þau veita. Starfsemin er tvenns konar; annars vegar er starfrækt ráðgjafamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi og aðstandendur þeirra og hins vegar hafa samtökin með höndum fræðslu- og upplýsingamiðlun um kynferðislegt ofbeldi og afleiðingar þess.

Í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 1996 kemur fram að frá upphafi hafa 2.205 einstaklingar leitað til þeirra eftir ráðgjöf eða hjálp í einhverri mynd, þar af leituðu 449 einstaklingar til þeirra árið 1996. Af þeim leituðu tæplega 79% aðstoðar vegna þess að þeir höfðu verið beittir kynferðislegu ofbeldi innan sextán ára aldurs og 93% voru nítján ára eða yngri þegar ofbeldið átti sér stað. Þá kemur fram í skýrslunni að sífjaspell og afleiðingar þeirra séu langalgengustu ástæður þess að fólk leitar til samtakanna eftir aðstoð. Samtökin skilgreina „sífjaspell“ rúmt. Þannig tekur það til „kynferðislegs atferlis milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta“.

Stígamót bjóða upp á margvíslega þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisbrota:

- * Einstaklingsráðgjöf fyrir þolendur og aðstandendur þeirra
- * Sjálfshjálparhópa fyrir þolendur nauðgana og sífjaspella
- * Sérstaka hópa fyrir börn og unglinga, sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi
- * Sjálfhjálpahópa fyrir mæður þolenda
- * Sérstaka hópa fyrir þolendur til þess að vinna bug á ákveðnum vandamálum
- * Námskeið í ákveðniþjálfun fyrir þolendur
- * Myndþerapiu fyrir þolendur
- * „Opið hús“ fyrir þolendur og aðstandendur
- * Sjálfsvarnarnámskeið, sem opin eru konum á öllum aldri

³⁴ Upplýsingarnar um Stígamót eru fengnar úr ársskýrslu samtakanna fyrir árið 1996 og úr bæklingi sem gefinn er út á vegum samtakanna þar sem starfsemi þeirra er kynnt.

Að auki annast samtökin margvíslega fræðslustarfsemi.

Þjónusta Stígamóta við þolendur kynferðisofbeldis og aðstandendur þeirra er þeim að kostnaðarlausu. Samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi standa að rekstrinum. Starfsemin er fjármögnuð með styrkjum frá hinu opinbera eins og áður hefur komið fram, en einnig með frjálsum framlögum einstaklinga, félaga og fyrirtækja. Rekstrarkostnaður við Stígamót árið 1996 nam rétt tæpum 15 miljónum króna. Þar af nam styrkur frá ríkinu 8,9 miljónum króna, frá Reykjavíkurborg 3 miljónum króna og frá öðrum sveitarfélögum á landinu 600 þúsund krónum. Ríki og sveitarfélög hafa því lagt til rúmlega 80 % af rekstrarkostnaði Stígamóta það ár.

Þjónusta Stígamóta er óaðgengileg þeim sem búa fjarri höfuðborginni, en samtökin eru til húsa að Vesturgötu 3 í Reykjavík. Fólk af landsbyggðinni getur nýtt sér símaþjónustuna, en að henni slepptri er ekki auðvelt fyrir landsbyggðarfólk að fá fræðslu eða hjálp. Til að mæta þörfum þessa fólks hafa samtökin reynt að stuðla að því með fræðslu og námskeiðum úti á landsbyggðinni að koma á sjálfshjálparhópum þolenda kynferðisofbeldis. Nokkrir slíkir hópar eru starfandi og eru það þolendur sjálfir sem hjá um rekstur hópanna í nánú samstarfi við Stígamót. Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta búa 51,6% þeirra, sem leituðu til samtakanna á árinu 1996, úti á landi, þ.e. utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Þannig er a.m.k. helmingur þess fólks, sem leitar til samtakanna, tæpast í aðstöðu til að sækja námskeið og fræðslu á vegum þeirra.

V. hluti

Bætur til polenda kynferðisbrota

1.0 Inngangur

Í XX. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 er fjallað um kröfur borgararéttarlegs eðlis. Samkvæmt 1. mgr. 170. gr. hefur brotþoli heimild til að koma að bótakröfu í opinberu máli sem höfðað er á hendur tjónvaldi (ákærða). Sá sem fer með rannsókn máls ber skylda til að benda tjónþola á þennan rétt og leiðbeina honum við gerð kröfunnar. Krafa brotþola getur falið í sér kröfu um bætur vegna beins fjárhagslegs tjóns og vegna miska sem leitt hefur af verknaði. Þá er einnig heimild fyrir tjónþola til að hafa uppi kröfu um bætur vegna kostnaðar sem hann hefur haft af því að halda fram kröfu sinni í málinu, s.s. vegna gagnaöflunar og lögmannsaðstoðar, sbr. 4. mgr. 172. gr. Þetta fyrirkomulag, að geta komið að bótakröfu í refsimáli, horfir til sparnaðar og hagræðis bæði fyrir ríkisvaldið og brotþola. Sé gerð krafa um bætur í refsimáli metur dómari hvort hún verði tekin til meðferðar. Honum er rétt að synja um það ef hann telur að það myndi valda verulegri töf eða óhagræði í meðferð málsins.

2.0 Bótakröfur í málum er varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára

Við athugun á dómum Hæstaréttar í opinberum málum sem varða kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, frá árunum 1994, 1995 og 1996, kemur í ljós að aðeins var farið fram á bætur í einu slíku máli árið 1994, fjórum árið 1995 og einu árið 1996. Í öllum þessum tilvikum var krafist miskabóta. Voru bætur dæmdar í þeim öllum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993

(áður 264. gr. alm. hgl.). Auk þess var ákærði í tveimur málanna dæmdur til að greiða kostnað vegna lögmannsaðstoðar við gerð bótakröfu, sbr. 4. mgr. 172. gr. oml.

Dómar þar sem dæmdar voru miskabætur eru eftirtaldir:

H 1994:639. Í ákæruskjali var gerð krafa um greiðslu miskabóta að fjárhæð 2.000.000 kr. Í héraðsdómi voru bætur hæfilega ákveðnar 200.000 kr. (Ákærði einnig dæmdur til að greiða kostnað vegna lögmannsaðstoðar við gerð kröfu).

H 1995:562. Farið fram á miskabætur að fjárhæð 200.000 kr. í ákæruskjali. Héraðsdómur féllst á kröfuna.

H 1995:1469. Í ákæruskjali var farið fram á 500.000 kr. í miskabætur. Þær þóttu hæfilega ákveðnar 300.000 kr. í héraðsdómi.

H 1995:1474. Gerðar kröfur um miskabætur í ákæruskjali til handa tveimur brotapolum, báðar að fjárhæð 750.000 kr. Bætur hæfilega ákveðnar annars vegar 150.000 kr. og hins vegar 100.000 kr. í héraðsdómi.

H 1995:3089. Gerð krafa um miskabætur að fjárhæð 750.000 kr. í ákæruskjali. Bætur hæfilega ákveðnar 300.000 kr. í héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti krafðist ákærði sýknu og frávísunar á skaðabótakröfu. Hæstiréttur staðfesti ákvæði héraðsdóms um skaðabætur.

H 1996:23. maí (mál nr. 83/1996). Í ákæruskjali var krafist miskabóta að fjárhæð 4.000.000 kr. Miskabætur ákveðnar 2.000.000 kr. í héraðsdómi. Þá var ákærði auk þess dæmdur til að greiða kostnað brotþola vegna lögmannsaðstoðar við gerð bótakröfu, sbr. 4. mgr. 172. gr. oml. Fyrir Hæstarétti krafðist ákærði þess að miskabæturnar yrðu lækkaðar frá því sem ákvarðað var í héraðsdómi. Í Hæstarétti þóttu miskabæturnar hæfilega ákveðnar 1.000.000 kr. Ákvæði héraðsdóms um kostnað vegna lögmannsaðstoðar var staðfest.

Um nánari lýsingu á atvikum í hverju máli fyrir sig vísast til II. hluta skýrslu þessarar.

3.0 Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota

Hinn 6. maí 1993 samþykkti Alþingi þingsályktun um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna grófra ofbeldisbrota.³⁵ Hjóðar ályktunin svo:

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna grófra ofbeldisbrota, svo sem kynferðisbrota.

³⁵ 352. mál, 116. löggjafarþing 1992 - 1993, þskj. 1201.

Í kjölfar þessarar þingsályktunar, og reyndar annarrar sem fram kom sama ár um að styrkja stöðu brotþola við meðferð kynferðisbrotamála, skipaði dómsmálaráðherra nefnd 2. desember 1993 sem hafði m.a. það hlutverk að „... athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslu dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota.“ Umboð nefndarinnar var síðan rýmkað á þann veg að það takmarkaðist ekki við umfjöllun um dæmdar bætur eða að um væri að ræða kynferðisbrot eða önnur gróf ofbeldisbrot.

Nefndin samdi frumvarp til laga um þetta efni og var það samþykkt sem lög árið 1995.

Lög nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, tóku gildi 1. janúar 1996 og gilda um tjón sem leiðir af brotum sem framin voru 1. janúar 1993 og síðar. Í greinargerð kemur fram að markmiðið með lögunum sé m.a. að styrkja stöðu brotþola með þeim hætti að ríkissjóður greiði bætur fyrir líkamstjón og miska vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum.³⁶ Í III. kafla laganna eru tilgreind þau skilyrði sem bótagreiðsla ríkisins er háð og fjárhæð bóta. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. er það skilyrði greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal umsókn um bætur hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið. Þá eru í 7. gr. tilgreindar hámarksfjárhæðir sem ríkið ábyrgist greiðslu á. Samkvæmt henni skulu ekki greiddar hærri bætur en 5.000.000 kr. fyrir líkamstjón og ekki hærri bætur en 1.000.000 kr. fyrir miska. Fjárhæðirnar taka verðlagsbreytingum skv. 15. gr. skaðabótalaga. Um mat á fjárhæð bóta og eigin sök tjónþola gilda almennar reglur skaðabótaréttar, sbr. 8. gr. Svonefnd bótanefnd tekur ákvörðun um greiðslu bóta og ber tjónþolum að snúa sér til hennar með beiðni um að ríkissjóður greiði bætur. Bótanefndin metur hvort skilyrði bótagreiðslu séu fyrir hendi og fjárhæð bóta. Hafi dómur gengið um bótakröfu, er almennt miðað við að bætur verði greiddar í samræmi við niðurstöðu hans, sbr. 11. gr.

4.0 Niðurstöður

Lögin um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota tryggja börnum sem þolendum kynferðisbrota bætur í samræmi við ákvæði þeirra, enda sé skilyrðum laganna fullnægt.

³⁶ Alþingistíðindi A 1994 - 1995, bls. 3319 - 3334.

Þegar um kynferðisbrot gegn börnum er að ræða er aðstaðan oft sú að brot geta staðið yfir árum saman, auk þess sem þau eru stundum ekki kærð fyrir en langt er um liðið frá því að þau voru framin. Ástæður þessa eru margvíslegar, m.a. þær að þolendurnir eru oft háðir brotamönnunum eða í nánnum fjölskyldu- eða félagslegum tengslum við þá. Í fjórum þeirra dóma sem reifaðir eru í II. hluta eru mál ekki kærð til lögreglu fyrir en mörgum árum eftir að brot voru framin eða síðast framin. Í *H 1994:1874* var brot það sem sakfelldur var fyrir framið í mars 1985, en ekki kært fyrir en í mars 1992. Í *H 1995:1631* voru brot framin á tímabilinu frá síðari hluta árs 1982 og fram í ársbyrjun 1987, en formleg kæra ekki lögð fram fyrir en í október 1993. Í dómi Hæstaréttar frá *13. júní 1996* voru brot framin frá síðari hluta árs 1985 fram til vorsins 1993. Kæra var lögð fram í apríl 1995. Í dómi Hæstaréttar frá *5. des. 1996* var ákærði sakfelldur fyrir brot sem hann framdi frá miðju ári 1987 fram á sumar 1988. Lögreglunni barst kæra í mars 1994.

Af þessu má vera ljóst að skilyrði 6. gr. laga nr. 69/1995 um að brot hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að umsókn um bætur skuli hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið eiga illa við þegar um kynferðisbrot gegn börnum er að ræða og útiloka bótarétt í mörgum tilvikum.

Ritaskrá

- Alþingistíðindi A 1991 - 1992, bls. 787 - 792.
- Alþingistíðindi A 1994 - 1995, bls. 3319 - 3334.
- Alþingistíðindi A 1996 - 1997, bls. 561 - 565.
- Andenæs, Johs.: Alminnelig strafferet. 3. útgáfa. Osló 1989.
- Andenæs, Johs.: Norsk straffeprosess, I. bindi. Osló 1984.
- Andenæs, Johs.: Norsk straffeprosess, II. bindi. Osló 1987.
- Andenæs, Johs.: Avhør av barn som vitner i straffesaker. Ármannsbók, afmælisrit helgað Ármanni Snævarr. Bls. 59 - 71. Rvík 1989.
- Ársskýrsla Stígamóta 1996.
- Etterforskning av incestsaker, NOU 1988:29.
- Gomard, Bernhard og Møller, Jens: Kommenteret retsplejelov, EF-domskonvention, I. - III. bindi. 5. útgáfa. Khöfn 1994.
- Greve, Vagn: Blodskam - en utidssvarende straffebestemmelse. Kriminalistisk Årbog 1996, bls. 161 - 166.
- Handbók RLR nr. 4101 frá 19. apríl 1994. Kynferðisafbrot gegn börnum. Samvinna lögreglu og annarra yfirvalda.
- Holgensen, Gudrun og Tellefsen, Marianne: Barnet og loven. Osló 1995.
- Hrefna Friðriksdóttir: Barnavernd og kynferðisbrot, þriðja grein. Morgunblaðið 25. janúar 1997.
- Jónatan Þórmundsson: Um kynferðisbrot. Skýrsla nauðgunarmálanefndar. Rvík 1989.
- Jónatan Þórmundsson: Viðurlög við afbrotum. Rvík 1992.
- Martens, Peter L.: Sexual brott mot barn. Stockholm 1989.
- Møller, Jens: Retsplejelov, EF-domskonvention og Straffelov. 6. útgáfa. Khöfn 1996.
- Møller, Jens og Gomard, Bernhard: Kommenteret retsplejelov, EF-domskonvention, I. - III. bindi. 5. útgáfa. Khöfn 1994.

Nordisk Samarbeidsråd for Kriminologi (NSfK). Rapport fra kontaktseminar om seksualisert vold og straffeskjerpelse. Grisslehamn, Sverige 1994.

Om endringer i straffeloven og skadeserstatningsloven m m (seksuelle overgrep mot barn), Ot. prp. nr. 20 (1991 - 1992).

Sandra Grétarsdóttir: Réttarstaða ósakhæfra barna sem brjóta af sér eða brotið er gegn. Ritgerð til embættisprófs við lagadeild Háskóla Íslands 1996.

Seksuelle overgrep mot barn - vejleder. Sosialdepartementet. Oslo 1992.

Seksuelle overgrep mot barn - straff og erstatning. NOU 1991:13.

Strafferetlig domssamling. 6. útgáfa. Khöfn 1993.

Svala Ólafsdóttir: Handbók um meðferð opinberra mála. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið Rvík 1992.

Tellefsen, Marianne og Holgersen, Gudrun: Barnet og loven. Oslo 1995.

Våld och brottsoffer, SOU 1990:92.

Våldtäkt ock andra sexuella övergrepp, SOU 1982:61.

Waaben, Knud: Strafferettens specielle del. 4. útgáfa. Khöfn 1994.

Þór Vilhjálmsson: Mannréttindi, sönnun og sérstaða barna. Tímarit lögfræðinga, 3. tbl. 1994.

Dómaskrá

Hæstaréttardómar

H 1994:230

H 1994:639

H 1994:1230

H 1994:1408

H 1994:1849

H 1994:1874

H 1994:2098

H 1995:562

H 1995:1282

H 1995:1469

H 1995:1474

H 1995:1480

H 1995:1631

H 1995:3089

Dómar Hæstaréttar kveðnir upp á árinu 1996:

23. maí (mál nr. 83/1996)

13. júní (mál nr. 130/1996)

10. október (mál nr. 158/1996)

5. desember (mál nr. 339/1996)

Danskur dómur

U 1991:749 (Ø)